



Keyrði yfir fótinn og stakk af

Innlent 2

Theodóra glímir enn við afleiðingar þess að leigubílstjóri keyrði yfir fót hennar og stakk af.



Steinabjófar ganga á náttúruundur

Innlent 4

Þekktar náttúruperlur eru farnar að láta verulega á sjá vegna ágangs steinabjófa.



Hulunni svipt af WOW air

Fréttaskýring 6

WOW Air átti sér ekki viðreisnar von og vísbendingar eru um að kröfuhafar hafi verið blektir.



Íslensk hönnun of einhæf

Hönnun 32

Íslensk hönnun einblínir um of á hið listræna og skortir alla tengingu við daglegt líf, að mati Siggu Heimis.

MANNLÍF

Fréttir Ísland / Heimurinn



Viðtalið / Ólafur Stephensen

„Heppinn að vera ekki steindauður“

Ólafur Stephensen missti systur sína úr krabbameini fyrir einu og hálfu ári og skömmu síðar lenti hann í alvarlegu hjólreiðaslysi sem hefði getað kostað hann lífið. Hann segir þessa reynslu hafa breytt viðhorfi sínu til lífsins og kennt sér að meta betur það sem hann hefur.

föstudagurinn 23. ágúst 2019
30. tölublað 3. árgangur



MANNLÍF



„Heppinn að vera ekki steindaudur“

Ólafur Stephensen minni sýntur á sér í söluáhrifum fyrir einu og hálfti ári og skýrur áður en hann kemur til sögunnar í þessum hefti. Hann segir frá því hvernig hann hefur komist til baka eftir slysi og hvernig hann hefur komist til baka eftir slysi og hvernig hann hefur komist til baka eftir slysi.

BIRTINGUR EHF

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:

Halldór Kristmannsson

Framkvæmdastjóri:

Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,
Garðar Ingi Leifsson, Ásgeir Aron Ásgeirsson
og Auður Húnfjörð

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,

Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Unnur Magna

Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Póstdreifing

Landsprent

Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569 1100
landsprent.is



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hrónn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll Egilsson
Blaðamaður



Friðrika Benónýsdóttir
Blaðamaður



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir



Hákon Davíð Björnsson
Yfirjósmyndari



Steingerður
Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Bergþóra Jónsdóttir, María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir, Guðrún Óla Jónsdóttir, Stefania Albertsdóttir, Sigrún Guðjónsen, Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Hallur Karlsson, Unnur Magna

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrún Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?

Sendu ábendingu á
ritstjórn@birtingur.is

Mynd / Unnur Magna

i

Innlent
LÖGREGLUMÁL

„Eins og maður sé nánast einskis virði“

Kona sem varð fyrir því á Menningarnótt í fyrra að leigubíll ók yfir fót hennar með þeim afleiðingum að hún slasaðist illa, segir bílstjóran hafi stungið af frá slysstað. Málið hefur legið hjá lögreglu síðan og segist konan vera reið og sár yfir því að rannsóknin skuli hafa dregist á langinn.

Á Menningarnótt fyrir ári síðan lenti Theodóra Heba Guðmundsdóttir í alvarlegu slysi þegar leigubíll sem hún og kærasti hennar höfðu farið með heimleiðis úr bænum, ók yfir fótinn á henni. Atvikinu lýsti Theodóra í smáatriðum í færslu á Facebook á sínum tíma og sagði þar meðal annars frá því að þegar á áfangastað kom hafi ökumanni leigubílsins legið svo á að komast á næsta stað að hann hafi ekið af stað áður en hún var komin almennilega út úr bílnum með fyrrgreindum afleiðingum. „Ég dróst einhverja metra með bílnum og hurðin ennþá opin. Loksin stoppaði hann! En ekki til að tékka á mér, heldur til að loka hurðinni og stinga af,“ sagði Theodóra, sem hlaut alvarlega áverka, meðal annars opið sköflungsbrot, og lá á spítala í tæpa viku.

Í samtali við Mannlíf segir Theodóra að hún hafi samstundis leitað sér aðhlynningar á bráða-móttökunni á Landspítalanum í Fossvogi. Þangað hafi lögreglumaður mætt til að taka skýrslu af henni og kærasti hennar og frásagnir þeirra hafi verið studdar af vitnisburði nokkurra sjónarvotta að atvikinu. „Í kjölfarið höfðu pabbi og kærasti minn samband við Hreyfil á meðan ég lá á spítalanum til að ræða atvikið við forsvarsmenn fyrirtækisins og þeir voru bara með stæla. Pabbi sendi þáverandi framkvæmdastjóra tölvupóst og hann vildi ekkert gefa út á þetta. Sagði að lögreglan væri að skoða málið, þetta væri því lögreglumál og þangað til niðurstaða lægi fyrir gæti hann ekkert gert í málinu. Hann lét næstum eins og þetta kæmi sér ekki við.“

Nú er heilt ár liðið frá atvikinu og segist Theodóra enn vera að jafna sig eftir slysið. „Ég fer í röntgenmyndatöku á þriggja mánaða fresti þar sem sárið grær ekki nógu vel. Ég er mölbrotin eftir þetta, plötur og skrúfur halda öllu saman, ég er með tvö risastór ör á sköflungnum og fæ reglulega verki. Ég kemst ekki langt án hækju. Er alveg óvinnufær. Get ekki einu sinni gert einföldustu heimilisverk hjálparlaust. Læknirinn sem annast mig segir að þetta hafi verið mjög slæmt brot. Hann sér fram á mikla endurhæfingu og er ekki bjartsýnn á að ég nái mér nokkurn tíma.“

Andlega hliðin segir hún sömuleiðis vera í molum. „Ég fékk áfallahjálp strax þegar þetta gerðist og hef síðan verið hjá sálfræðingi sem hefur hjálpað mér að takast á við áfallastreituröskun sem hefur fylgt þessu. Ég endurupplífi nefnilega enn atvikið í huganum og fæ matraðir, heilu ári seinna.“

Ekkert heyrst í lögreglu eða Hreyfli

Verst þykir Theodóru þó að hafa ekki fengið svör frá lögreglunni um hvar málið sé stalt, þrátt fyrir að hafa reynt að setja sig í samband við lögreglumanninn sem tók skýrsluna. Hún hafi heldur ekki enn fengið afsökunarbeiðni frá Hreyfli, ekki svo mikið sem heyrst í forsvarsmönnum fyrirtækisins.

„Nei, ég hef ekkert heyrst,“ segir hún ósátt. „Hvorki í framkvæmdastjóra Hreyfils, eiganda bílsins né ökumanninum. Mér skilst reyndar að bílstjórinn hafi sagt eiganda bílsins að hann hefði ekki séð mig þegar þetta gerðist og því sé rangt að hann hafi stungið af. Þetta er því orð gegn orði. Ég veit ekki til þess að ákæra hafi verið gefin út á hendur bílstjóranum, ég held að honum hafi ekki einu sinni verið veitt tital út af þessu. Og eftir því sem ég kemst næst starfar hann enn hjá Hreyfli,“ segir hún og kveðst vera reið og sár yfir skeytingarleysi fyrirtækisins.

„Ég er satt að segja hissa á þessari framkomu þar sem ég bjóst við að stórt fyrirtæki eins og Hreyfill tæki einhverja ábyrgð. En nei, ekkert gerist. Mér líður eins og þetta skipti engu máli, að maður sé nánast einskis virði,“ segir hún og kveðst vera að skoða næstu skref. „Ég er staðráðin í að leita réttar míns, það er í vinnslu.“

Þess má geta að Mannlíf hafði samband við Hreyfil vegna málsins. Vignir Þröstur Hjálmarsson deildarstjóri varð fyrir svörum en hann hafði ekki heyrst um málið og óskaði eftir því að haft yrði samband við núverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Harald Gunnarsson. Haraldur var hins vegar vant við láttinn. Hjá lögreglu fengust þá svör að rannsókn málsins hefði tekið skammtan tíma og að því loknu verið sent til ákærsviðs, þar sem málið virðist liggja enn.



Theodóra Heba Guðmundsdóttir

”

„Ég er mölbrotin eftir þetta, plötur og skrúfur halda öllu saman, ég er með tvö risastór ör á sköflungnum og fæ reglulega verki.“



Gleðilega hátíð

Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur og hefur verið allt frá því að Menningarnótt var fyrst haldin. Við tökum virkan þátt í hátíðarhöldunum og bjóðum upp á fjölbreytta dagskrá í útibúi bankans í Austurstræti 11 á Menningarnótt.

Kl. 13.00 / 14.00 Listaverkaganga
Kl. 15.00 Pétur og úlfurinn,
brúðuleikhús – Bernd Ogródnik

Kl. 16.00 Auður
Kl. 17.00 Jón Jónsson

Verið hjartanlega velkomin.



Innlent

UMHVERFISSRJÖLL



Silfurberg er eitt af djásnum Íslands

Silfurberg er tært afbrigði af kristölluðu kalki og er mjög fágætt utan Íslands. **Helgustaðanáma** er stærsta og frægasta silfurbergsnáman en einnig hafa fundist kristallar við **Hornafjörð**, **Djúpafjörð** og á **Mýrum** en þó ekki jafntærir og í Helgustaðanámu.

• **Silfurberg** var fyrst sótt í Helgustaðanámu á 17. öld en vinnsla þess hófst í upphafi 19. aldar og stóð með hléum fram á miðja 20. öld. Stærsti kristallinn sem vitað er um vó um **300 kíló**.
• Viða um heim má finna íslenskt silfurberg, meðal annars tæran og gallalausan kristal á Náttúrufræðasafninu í London.

• Íslenska silfurbergið var áður mikið notað í ljósfræðitæki og flýtti þannig fyrir framþróun ýmissa sviða raunvísinda fram á 20. öldina.
• **Guðjón Samúelsson** húsameistari notaði kristalla til skrauts í nokkrum þekktum byggingum, svo sem Landakotskirkju, Þjóðleikhúsinu og Háskóla Íslands.

Stórbjófnaðurinn á Teigarhorni



Ein umfangsmestu steinatökumál síðari tíma áttu sér stað á Teigarhorni við Djúpavík en þar er að finna gnægð geislasteina (zeólíta) sem eru ásamt silfurbergi frægustu skrautsteinar Íslands. Teigarhorn var friðlýst árið 1975. Árið 2009 var steinasafni Jónínu Ingvarsdóttur, ábúanda á Teigarhorni, stolið á meðan hún var stödd í höfuðborginni. Steinunum "hafði hún safnað" í 17 ár og mat hún safnið á þeim tíma á 15 milljónir króna. Málið var aldrei upplýst.

Rúnar Matthíasson.



Rúnar Matthíasson, landvörður á Teigarhorni, rifjar upp að árið 2014 hafi komið upp mál þar sem Austurríkismaður var gripinn með fullan sendiferðabil af steinum úr íslenskrí náttúru. Sést hafði til hans í fjörunni við Teigarhorn með haka og var lögregla kölluð til. Voru steinarnir sem hann tók úr fjörunni gerðir upptækir en Austurríkismaðurinn komst úr landi áður en hægt var að sækja hann til saka.

Rúnar segir að steinataka sé ekki lengur stórt vandamál á Teigarhorni. „Ég hef verið að stoppa af fólk í saklausum tökum þar sem það er að tína upp úr fjörunum og taka það sem er laust. Einstaka sinnum krakka með fulla poka af steinum. En almennt þarf fólk virðingu fyrir merkingum.“ Rúnar er einn af fáum heilsárs landvörðum á Íslandi og segir hann engan vafa á því að það sporni við steinatöku. „Ekki spurning. Ég bý hérna á staðnum og er með augun á svæðinu nánast allan sólarhringinn þannig að það fælist þá frá sem ætla sér eitthvað misjafnt“.

Ásókn ferðamanna alþjóðlegt vandamál

■ Ásókn ferðamanna í steina og aðrar náttúruvinnur er vandamál víðs vegar um heiminn. Í vikunni var franskt par handtekið á Sardiníu fyrir að taka sand af ströndum eyjunnar, nánar tiltekið 40 kíló sem búið var að tappa á flöskur. Árið 2017 bönnuðu yfirvöld í Sardiníu sandtöku og eru viðurlögin allt að sex ára fangelsi og sekt sem nemur 415 þúsund krónum. Sambærileg lög voru sett á Havái árið 2013 og til að mynda er bannað að selja sand þaðan á uppboðssíðunni eBay.

Grísk yfirvöld hafa ítrekað reynt að sporna við steinatöku á Lalariáströndinni á eyjunni Skiathos. Þar er að finna egglega steinvölur sem eru einstakar í heiminum og var ásókn ferðamanna í steinana farin að hafa sjáanleg áhrif á ströndina. Kvíkmýndin Mama Mia! var tekin upp á Skiathos og við það margfaldaðist ásókn ferðamanna í steinana. Sambærileg lög hafa verið sett víðar um heiminn, meðal annars í Bretlandi, Filippseyjum, Rússlandi, Ástralíu, Kína og á Ítalíu.

Steinapjófar skilja eftir sig laskaðar náttúruperlur

Steinataka ferðamanna er viðvarandi vandamál í íslenskrí náttúru og eru sumir staðir farnir að láta verulega á sjá. Dæmi eru um mjög einbeittan brotavilja en hægt er að stemma stigu við þjófnáðinum með aukinni landvörslu.

Silfurbergsþjófnáður úr Helgustaðanámu hefur verið viðvarandi vandamál í mörg ár og segir Lára Björnsdóttir, landvörður á Austurlandi, að náman sé verulega farin að láta á sjá. „Það stórsér á þessu. Ef maður talar við bændur hér á svæðinu þá glampaði á silfurbergið allt í kring. Það gerir það ekki í dag. Í námunni er ekki eftir nema ein æð og við erum einmitt að fara að girða þar fyrir í næstu viku.“

Tölur um fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið árlega liggja ekki fyrir en Lára áætlar að fjöldinn skipti þúsundum, bæði innlendir og erlendir ferðamenn. Lára sinnir landvörslu á stóru svæði og hefur því ekki tók á að fylgjast stöðugt með umferð ferðamanna en þar nýtur hún góðs liðsinnis heimamanna. „Heimamenn eru vakandi fyrir því hversu einstakt svæði þetta er og þeir hafa verið að stoppa fólk af og láta mig vita af einstaka tilvikum. Bara um daginn stoppuðu heimamenn fólk sem var komið með bakpoka til að fylla. Það voru Íslendingar þannig að þetta eru ekki bara erlendir ferðamenn. Ég veit að þetta er til sölu í Kolaportinu.“ Það er tilfinning



Lára Björnsdóttir, landvörður á Austurlandi.



þjófnáður hafi minnkað eftir að landvarsla hófst en að vakta þurfi svæðið enn betur yfir allt árið. „Fyrir nokkrum árum voru menn að mæta með áhöld gagnert til að taka kristalla. Þetta er náttúrulega þekktur staður og hann er að finna í ferðabókum eins og Lonely Planet en flestir erlendir ferðamenn eru meðvitaðir um að það megi ekki taka kristalla úr námunni.“

Búið að taka allt úr Leiðarenda

Annar staður sem hefur orðið fyrir miklu tjóni vegna ágangs ferðamanna er hellirinn Leiðarendi á Reykjanesi. Þar er búið að fjarlægja nánast alla dropasteina úr hellinum. „Það er búið að hreinsa allt út úr Leiðarenda. Það er töluvert um að dropasteinar séu fjarlægðir á Íslandi sem er alvarlegt mál því þeir eru sjaldgæfir og koma aldrei aftur. Það er líka farið að láta verulega á sjá í Hallmundarhrauni,“ segir Daníel Freyr Jónsson, sérfræðingur í náttúruverndarteymi Umhverfisstofnunar.

Dropasteinar eru frábrugðnir silfurberginu

að því leyti að notagildi þeirra er lítið. Þeir eru viðkvæmir og brotna við lítið álag og þess utan þykja þeir lítil stofupryði. Telur Daníel að í flestum tilfellum rekist fólk í steinana eða taki þá með sér í hugsunarleysi. „Það hefur komið fyrir að stórir steinar, sem vega jafnvel tugi kílóa, hafa verið sagaðir af hellisgólfinu og það er einbeittur brotavilji. En það er mjög sjaldgæft.“

Daníel vill ekki kenna ásókn erlendra ferðamanna um enda fannst Leiðarendi fyrir um 30 árum og var búið að hreinsa hann áður en ferðamannasprengjan hófst eftir hrún. „Ég trúi því samt að þetta sé að breytast og að skilaboðin um fágæti dropasteina hafi náð í gegn.“ Reynslan sýnir í það minnsta að aukin varsla og fræðsla virkar. Í árlegri skýrslu Umhverfisstofnunar kemur fram að mikið hafi verið um brotnám steingervinga í Surftarbrandsgili á Vestfjörðum en tekist hafi að koma í veg fyrir það að mestu.

Ein sending gerð upptæk

Lögum samkvæmt er bannað að flytja steina og aðrar náttúruvinnur á landi og hefur tollgæslan



„Bara um daginn stoppuðu heimamenn fólk sem var komið með bakpoka til að fylla.“

Silfurbergsþjófnáður úr Helgustaðanámu hefur verið viðvarandi vandamál í mörg ár.


eftirlit með slíkum útflutningi, bæði í vörusendingum og farangri ferðamanna. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þau verkefni að skrá, varðveita, flokka, rannsaka og kortleggja lífríki og jarðmyndanir landsins og í þeim tilfellum sem útflutningur er á steinum, steingervingum eða eggjum þá hefur tollgæsla samband við sérfræðinga stofnunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Baldri B. Höskuldssyni aðstoðaryfirtollverði hefur eitt slíkt mál komið upp í sumar. Voru þrjú ferðamenn stöðvaðir við brottför í Norrænu og í fórum þeirra fannst óverulegt magn af steinum sem höfðu verið fjarlægðir úr Vatnajökulsþjóðgarði. Hald var lagt á steinana og þeim komið í hendurnar á þjóðgarðsvörðum. „Slík mál hafa komið upp af og til en einnig hafa komið upp undanfarnir ár nokkur mál varðandi útflutning á eggjum þó ekkert á þessu ári. Fyrir tveimur árum kom upp mál þar sem átti að flytja út mikið magn af eggjum í bifreið við brottför Norrænu. Dæmt hefur verið í því máli og fékk viðkomandi fésekt,“ segir Baldur. Ekkert mál af þessu tagi hefur komið upp hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli samkvæmt upplýsingum þaðan.

Fá steina í pósti frá skömmustulegum ferðamönnum

Kristalla úr Helgustaðanámu má finna víða um heim líkt og Rene Biasone, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, hefur komist að. Bæði hefur hann komið auga á silfurberg til sölu á eBay og þá rakst hann á einn slíkan á markaði í Apenu. „Ég er 95 prósent viss um að hann hafi komið úr Helgustaðanámu. Það er ekki bara fólk sem hefur áhuga á jarðfræði sem er að taka þessa kristalla því þetta er bara bisness. Maður veit í raun aldrei hvenær þessir steinar hafa verið teknir, það gæti hafa verið í fyrra en allt eins fyrir 20 árum.“

En það eru ekki allir sem taka steinana af illum hug. Rene segist hafa fengið sendingar frá útlendingum sem hafi tekið steina úr náttúrunni en síðan lesið sér til eftir að heim var komið að slík steinataka sé með öllu óheimil. **Þeir hafi því ákveðið að skila steinum með pósti til að létta á samvisskunni.** „Einhver lét meira að segja 30 dollara fylgja með í póstinu til að borga fyrir ómakið,“ segir Rene.



k

kjarninn

FRÉTTASKÝRING



WOW air gríman fallin

Skriptastjórar þrotabús WOW air telja að flugfélagið hafi í síðasta lagi verið ógjaldfært um mitt síðasta ár. Þrátt fyrir það réðist WOW air í skuldabréfaútgáfu sem byggði á upplýsingum um annað. Nú er unnið að því að rannsaka, greina og eftir atvikum rifta því sem átti sér stað innan WOW air á lokametrum tilveru flugfélagsins fjólubláa.

Pann 15. ágúst 2018 birti Kjarninn frétt um skuldabréfaútböð sem flugfélagið WOW air ætlaði sér að ráðast í. Fréttin byggði á fjárfestakynningu um fyrirbyggjandi áætlun WOW air út úr þeim vanda sem félagið virtist hafa ratað í. Hlekkur á fjárfestingarkynninguna, sem hafði verið sett á opinn netþjón á vegum verðbréfafyrirtækisins Pareto Securities í Stokkhólmi, sem hafði umsjón með skuldabréfaútgáfunni, fylgdi með fréttinni. Í þessari kynningu komu fram nákvæmari upplýsingar um svarta fjárhagsstöðu WOW air en nokkrum sinni höfðu verið birtar opinberlega, meðal annars að eiginfjárlutfall félagsins hefði verið komið undir fimm prósent í júní 2018. 22 mínútum eftir að fréttin birtist barst blaðamanni Kjarnans póstur frá yfirmanni þeirrar deildar hjá Pareto sem sá um skuldabréfaútböðið. Í póstinum sagði að honum hefði verið gert viðvart um að Kjarninn væri að birta trúnaðarupplýsingar um WOW air. Þeim upplýsingum ætti að eyða samstundis til að koma í veg fyrir aðgerðir af hálfu Pareto.

Kröfunni var samstundis hafnað á grundvelli þess að um væri að ræða upplýsingar sem ættu

sannarlega erindi við íslenskan almenning, meðal annars í ljósi þess að WOW air væri kerfislega mikilvægt fyrirtæki. Auk þess var bent á að Pareto hefði sjálft gert upplýsingarnar aðgengilegar á Internetinu og þar væri enn hægt að nálgast þær.

Yfirmaðurinn, rétt rúmlega þrítugur Svíi, svaraði því til að þar sem það væri tiltekið í skilmálum fjárfestakynningarinnar að hún væri trúnaðarmál væri ólöglegt að deila henni. Auk þess sagði hann að ef það væri skoðun ritstjórnar Kjarnans að WOW air væri kerfislega mikilvægt fyrirtæki, „af hverju eruð þið þá viljandi og ólöglega að reyna að skaða fyrirtækið?“

Þung staða fyrir útböð

Þessa daga, um miðjan ágúst 2018, var að birtast mynd af WOW air sem hafði ekki birst áður, en margir höfðu óttast að væri raunveruleikinn. Mynd af fyrirtæki á barmi þess að falla. Þrátt fyrir að Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, hefði ítrekað komið fram á þessum tíma með digurbarkalegar yfirlýsingar um að allt myndi vera í himnalagi, og að fram undan væru enn frekari landvinningar, þá var hljóðið í þeim sem kunna að lesa efnahagsreikninga og rekstrartölur þungt. WOW air var í gríðarlegum vanda og miklu meiri en áður hafði opinberast.

”

„Það er niðurstaða skriptastjóranna að þátttakendur í skuldabréfaútböðinu hafi verið blekkir.“

Leiðin út úr þeim vanda átti að vera skuldabréfaútböð. Þar stóð til að selja skuldabréf fyrir að minnsta kosti 50 milljónir evra en helst fyrir 100 milljónir evra. Útböðið hafði verið lengi í undirbúningi þegar það varð skyndilega forsiðufrétt nær allra fjölmiðla á Íslandi.

Þegar leið á útböðið varð mjög tvísýnt um hvort takast myndi að ná lágmarksupphæðinni eða ekki. Ef það hefði ekki tekist þá hefðu allir þeir sem höfðu skráð sig fyrir skuldabréfum í útböðinu verið óbundnir af sínu boði, og útböðið í raun fallið niður með þeim afleiðingum að engir peningar hefðu skilað sér til WOW air.

Það náðist þó á endanum að selja skuldabréf fyrir 50,15 milljónir evra og sigri hrósandi var það tilkynnt að WOW air væri fyrir vind, að minnsta kosti í bili. En það reyndist skammgóður vermir.

Í kjölfarið var reynt að selja WOW air til Icelandair (tvisvar) og Indigo Partners. Þau áform gengu ekki eftir. Íslenska ríkið taldi sig enn fremur ekki hafa neinar forsendur til að ganga inn í rekstur WOW air, þrátt fyrir mikinn þrýsting þar um.

Og að morgni 28. mars 2019 fór félagið í þrot.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS- HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.





kjarninn

FRÉTTASKÝRING

„Kröfuhafar WOW air sem Kjarninn hefur rætt við segjast ekki hafa haft neinar upplýsingar um hvers eðlis aðkoma Arion banka var að skuldabréfaútböðinu í aðdraganda þess og fram að falli flugfélagsins.“



Var ógjaldfært í síðasta lagi um mitt ár 2018

Síðastliðinn föstudag, 16. ágúst, héldu skiptastjórar þrotabús WOW air, Sveinn Andri Sveinsson og Þorsteinn Einarsson, fund með kröfuhöfum félagsins. Þá lá fyrir að kröfum upp á 151 milljarð króna hafði verið lýst í búð, þar af 138 milljarða króna kröfum sem teljast almennar. Eins og staðan er í dag er 1,1 milljarður króna á bankareikningum WOW air upp í þær kröfur. Það þýðir að 0,7 prósent er til upp í lýstar kröfur, sem þó á eftir að taka afstöðu til hvort að verði viðurkenndar eða ekki.

Í skýrslu skiptastjórnanna er farið yfir hver raunveruleg staða mála var hjá WOW air þegar skellt var í lás með hvelli í lok mars. Þar er meðal annars opinberað að við gjaldþrot félagsins hafi verið um þrjár milljónir króna lausar til ráðstöfunar á bankareikningum WOW-samstæðunnar. Til að setja þá tölu í samhengi má benda á að við gjaldþrot störfuðu alls 963 manns hjá WOW air. Lausafé samstæðunnar hefði ekki dugað til að greiða nema örfáum þeirra sem þar störfuðu laun í byrjun apríl 2019.

Þar er sú niðurstaða sett fram að WOW air hafi verið ógjaldfært í síðasta lagi um mitt ár 2018. Það þýðir, samkvæmt lögfræðiorðabók Lagastofnunar Háskóla Íslands, að skuldari, í þessu tilfalli WOW air, geti ekki greitt gjaldfallnar skuldir sínar en hefur samt sem áður ekki verið úrskurðaður gjaldþrota. Í skýrslu skiptastjórnanna segir að þeir telji „óhjákvæmilegt að fram fari nánari greining á því hvenær WOW var sannarlega ógjaldfært.“

Skömmu eftir að skiptastjórar voru skipaðir yfir bú WOW air réðu þeir ráðgjafarfyrirtækið Deloitte til að vinna athugun á málefnum félagsins, fjármálum þess og ráðstöfunum fyrir þrot.

Deloitte skilaði af sér ítarlegri skýrslu í lok júní síðastliðins og helstu niðurstöður hennar voru kynntar á kröfuhafafundinum fyrir viku síðan. Eftir skil á skýrslunni tóku skiptastjórar skýrslur af öllum stjórnarmönnum, lykilstjórnendum og endurskoðanda WOW air. Þær fóru fram á tímabilinu 5. til 30. júlí.

Vísbendingar um blekkingar

Slík athugun skiptir meðal annars máli fyrir þá þátttakendur í skuldabréfaútböðinu WOW air sem fram fór í ágúst og september 2018, sem telja sig hafa verið blekktir. Margt í skýrslu skiptastjórnanna og athugun Deloitte bendir til þess að sú tilfinning þeirra sé ekki byggð á sandi.

Þar segir: „Skiptastjórar telja vera til staðar vísbendingar um að upplýsingar og gögn um fjárhagsleg málefni félagsins, rekstur og efnahag og áætlanir, sem fjárfestakynning skuldabréfaútböðsins byggði á, hafi verið ófullnægjandi og ekki gefið raunsanna mynd af rekstri og efnahag WOW á þessum tíma, aukinheldur sem áætlanir hafi ekki verið raunhæfar.“

Það er niðurstaða skiptastjórnanna að þátt-

Leiga á íbúð sögð greiðsla á persónulegum kostnaði Skúla

■ Félag sem heitir WOW air Ltd., og er skráð í Englandi, var lengi vel í persónulegri eigu Skúla Mogensen. Félagið hét áður Mogensen Limited en nafni þess var breytt fyrir nokkrum árum. Starfsemi félagsins fólst aðallega í að leigja íbúð í London. Skúli Mogensen og kærasta hans bjuggu í umræddri íbúð en þau héldu heimili á Íslandi og í London.

Í skýrslu skiptastjóra WOW air segir að flugfélagið hafi greitt 37 milljónir króna í leigu vegna íbúðarinnar á tveggja ára tímabili, frá 28. mars 2017 og þangað til að WOW air fór í þrot. Það þýðir að meðaltalsmánaðarleiga hefur verið rúmlega 1,5 milljón króna á mánuði.

WOW air Ltd. var framselt til WOW air í september 2018, sama mánuði og skuldabréfaútböð félagsins fór fram. Skiptastjórnir segja að enginn samningur hafi verið í gildi milli WOW air og WOW air Ltd. „vegna þessarar íbúðar og þá voru greiðslur WOW vegna hennar ekki samþykktar í stjórn félagsins.“

Leigugreiðslurnar hafi einfaldlega verið vegna greiðslu á persónulegum kostnaði hluthafa WOW air, Skúla Mogensen. Í skýrslunni segir enn fremur að Deloitte telji, að lokinni athugun sinni, að „greiðslur WOW vegna reksturs og leigu fyrrgreindrar íbúðar hafi ekki verið reistar á viðskiptalegum forsendum enda engar vísbendingar um að íbúðin hafi verið nýtt í þágu starfsmanna WOW, hvorki flugfélks né annarra almennra starfsmanna. Skiptastjórar skoða nú að krefjast endurgreiðslu þess fjár sem WOW greiddi vegna fyrrgreindrar íbúðar.“

Skúli Mogensen sagði í yfirlýsingu sem hann sendi á fjölmiðla síðastliðinn mánudag að þegar WOW air hafi farið að leigja íbúðina, í byrjun árs 2017, hafi flugfélagið verið að undirbúa opnun á nýrri starfsstöð í London eða Dublin og jafnframt verið að skoða mögulega skráningu á markaði í London. „Hvort tveggja kallaði á verulega viðveru forstjóra í London. WOW air skilaði yfir 4 milljörðum í hagnað árið 2016 og því voru þessi áform eðlilegt skref í áframhaldandi uppbyggingu WOW air á þeim tíma og ekkert óeðlilegt við það að félagið skyldi leigja húsnæði fyrir forstjóra félagsins í þeim tilgangi að sinna þeim verkefnum.“

takendur í skuldabréfaútböðinu hafi verið blekktir. Þar er meðal annars vísað í að eigið fé WOW air hefði með réttu átt að vera neikvætt um mitt ár 2018 þegar farið var af stað með útböð. Í efnahagsreikningi sem birtur var í fjárfestakynningunni var því hins vegar haldið fram að eigið fé væri jákvætt. Þ.e. að WOW air ætti meiri eignir en skuldir.

Hlutur Arion banka

Skuldabréfaútböðinu lauk 17. september 2018. Dagana fyrir leit ekki út fyrir að Skúla og WOW air tækist að safna lágmarksupphæðinni, 50 milljónum evra, sem nauðsynlegt var að safna til að gera þá sem þó höfðu skráð sig fyrir bréfum bundna af þeirri skráningu. Á endanum skreið heildarupphæðin yfir þá tölu, og endaði í 50,15 milljónum evra.

Þar skipti aðkoma Arion banka, sem átti mikið undir sem lánveitandi WOW air, miklu máli.

Í skýrslunni segir að skömmu áður en að skuldabréfaútböðinu lauk hafi verið gert samkomulag milli WOW air og Arion banka um þátttöku bankans í útböðinu. Í samkomulaginu sagði: „WOW leitaði til bankans og hefur óskað eftir því að bankinn taki þátt í skuldabréfaútböðinu fyrir því sem upp á vantar til að WOW nái fyrrgreindri lágmarksfjárhæð útböðsins.“ Tilgangur samkomulagsins hafi verið að aðstoða WOW air í greiðsluörðugleikum og því samþykkti Arion banki að skrá sig fyrir 4,3 milljónum evra, um 560 milljónir króna á þeim tíma, gegn því að WOW air myndi greiða yfirdráttarskuld sína hjá bankanum upp „án tafar eftir að félagið fengi andvirði fyrrgreinds skuldabréfaútböðs til sín. Þá skyldi fella niður yfirdráttarheimildina í kjölfarið,“ segir í skýrslunni. Sú yfirdráttarskuld var upp á fimm milljónir dala, sem er nánast sama upphæð og Arion banki greiddi fyrir skuldabréf í útböðinu, eða tæplega 560 milljónir króna. Með þessu dró Arion banki úr tapi sínu á WOW air. Ef yfirdráttarheimildin væri enn ógreidd þá væri hún einfaldlega almenn krafa í bú WOW air og fengist ekki greidd. Í staðinn á bankinn kröfur vegna skuldabréfanna, en náði að fresta tapi sínu.

Til viðbótar við uppgreiðslu yfirdráttarins fékk Arion banki, í kjölfar útböðsins, greidda þóknun vegna afléttingar á lánaskilmálum upp á 11,2 milljónir króna.

Kröfuhafar WOW air sem Kjarninn hefur rætt við segjast ekki hafa haft neinar upplýsingar um hvers eðlis aðkoma Arion banka var að skuldabréfaútböðinu í aðdraganda þess og fram að falli flugfélagsins. Þeir tortryggja einnig að þáverandi framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Títan, Ólafur Hrafn Höskuldsson, sem hélt utan um eign Skúla Mogensen í WOW air, sé sonur þáverandi bankastjóra Arion banka, Höskuldar Ólafssonar, sem hætti störfum í apríl 2019, og telja að þar hafi skapast hagsmunaárekstrar. Þeim áhyggjum hefur verið komið á framfæri við skiptastjóra þrotabúsins. Ólafur Hrafn starfar nú hjá Arion banka.

Sumir fengu greitt strax

Deloitte vakti athygli á því í athugun sinni að það hafi ekki einungis verið Arion banki sem tók þátt í útböðinu, og fékk síðan uppgreiddar aðrar skuldir strax að því loknu.

Samtals hafi 20,3 milljónir dala, tæplega 2,3 milljarðar króna, af þeim rúmlega 50 milljónum evra, um 6,5 milljörðum króna, sem söfnuðust farið í slík verk. Flugvéla-leigan Air Lease Corporation (ALC) hafi fengið tvær kröfur, aðra gjaldfallna og hina í ágreiningi, greiddar samtals upp á 10,4 milljónir dala, eða tæplega 1,2 milljarð króna. Írska fjármögnunarfyrirtækið Avolon fékk samtals greitt tæplega fimm milljónir dala, tæplega 560 milljónir króna.

Skiptastjórar þrotabús WOW air eru með það til skoðunar hvort tilefni sé til að rifta greiðslum til ofangreindra þátttakenda í útböðinu. Þ.e. Arion



ÚTSALA

**20-70%
AFSLÁTTUR**



Komdu núna og gerðu frábær kaup

Wistra GRÁR / RAÐUR
60% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 179.900
MEÐ 60% AFSLÆTTI 71.960



SÓFAR

**20-60%
AFSLÁTTUR**

Diamond sófi
Verð með 40% afslætti: 89.940 kr.
Verð áður 149.900 kr.



GJAFAVARA

**20%
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:
iVintage kökudiskur
Verð með 20% afslætti: 15.936 kr.
Verð áður 19.920 kr.



HEILSURÚM

**20-40%
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:
Dreamline 160x200 cm
Verð með 30% afslætti: 105.070 kr.
Verð áður 151.100 kr.



HANDKLÆÐI

**20-70%
AFSLÁTTUR**

Verðdæmi:
Handklæði 100x50cm
Verð með 70% afslætti: 417 kr.
Verð áður 1.390 kr.

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

banka, ALC og Avolon. „Þá eru ýmis önnur atriði til skoðunar hjá skiptastjórum er tengjast fyrrgreindu skuldabréfaútboði,“ segir í skýrslunni. Þar er einnig greint frá því að í skilmálum skuldabréfaútboðsins sé tilgreint hvernig hafi átt að ráðstafa þeim fjármunum sem söfnuðust í því. Hluti, 7,5 milljónir evra, átti að fara á sérstakan vaxtareikning til að standa straum af vaxtagreiðslum af skuldabréfunum og afgangurinn inn á rekstrarreikning WOW air, að frádreginni þóknun Pareto. Þegar kom að fyrsta vaxtagreiðsludegi, sem var á aðfangadag 2018, voru ekki til staðar fjármunir á vaxtareikningnum til að greiða vextina, enda hafði WOW air þá nýtt það fé í annað.

Vilja rifta greiðslu til Skúla

Á grundvelli athugunar Deloitte hefur þrotabúið þegar ráðist í ýmsar aðgerðir, og mun ráðast í fleiri. Flestar snúast þær um samninga og greiðslur sem áttu sér stað milli Skúla Mogensen og félags hans Títan, sem var eigandi WOW air fyrir þrot, og WOW air.

Þegar hefur verið höfðað riftunarmál vegna greiðslu á tæplega 108 milljón krónum frá WOW air til Títan, félags Skúla Mogensen, sjö vikum fyrir gjaldþrot flugfélagsins. Það var gert 24. júlí síðastliðinn. Greiðslan byggði á því að sumarið 2018, þegar staða WOW air var orðin mjög þröng, keypti WOW air 60 prósent í félaginu Cargo Express af Títan á 2,1 milljarð króna. Kaupverðið var greitt að langmestu leyti með nýju hlutafé í WOW air sem bókfærðist þannig sem hlutafjár- aukning, þrátt fyrir að ekkert nýtt hlutafé hafi komið inn í rekstur WOW air við hana. Skiptastjórar eru með það til athugunar hvort þetta hlutafé í Cargo Express hafi verið tekið yfir á of háu verði og „því hafi ekki verið greitt að fullu fyrir hlutafé í WOW. Þessi viðskipti tengdra aðila sæta nánari skoðun skiptastjóra.“

Þá áttu 150 milljónir króna að greiðast frá WOW air til Títan í reiðufé 30. apríl 2019 vegna sölunnar. Sú greiðsla átti að vera háð því að Cargo Express myndi greiða arð til WOW air vegna ársins 2018 sem næmi að minnsta kosti sömu upphæð. Í skýrslu skiptastjóra segir að í samningunum hafi komið skýrt fram að ef arðgreiðslan yrði hærrí en 150 milljónir króna myndi WOW air halda þeirri viðbótargreiðslu. Ef arðgreiðslan yrði hins vegar lægri en sú upphæð „skyldi mismuninum umbreytt í hlutabréf í kaupanda handa seljanda.“

Þann 6. febrúar 2019 fékk WOW air greiddan 107,6 milljóna króna í arð frá Cargo Express. Sama

dag og arðgreiðslan barst greiddi WOW air sömu upphæð til Títan. Sú greiðsla fór fram tæplega þremur mánuðum fyrir umsaminn gjalddaga og sjö vikum fyrir gjaldþrot WOW air. Í skýrslu skiptastjóra segir: „Á þeim tíma var WOW í miklum fjárhagserfiðleikum. Greiðslan var innt af hendi fyrir gjalddaga og fyrr en eðlilegt var. Þá skerti greiðslan greiðslugetu WOW og er það mat skiptastjóra að greiðslan hafi verið óvenjuleg eftir atvikum.“ Því hefur þrotabúið höfðað riftunarmál og vill endurheimta greiðsluna.

Greiðsla ábyrgðargjald

Annað mál sem Deloitte vakti sérstaka athygli á eftir athugun sína var í tengslum við flugvélnar TF-MOM, TF-DAD, TF-KID og TF-SON. Þær voru allar seldar til Air Canada um síðustu áramót.

Vélnar voru upphaflega leigðar af tveimur félögum, MoonSun Leasing og Hawk Bay. Títan, félag Skúla Mogensen sem fór með eignarhald WOW air, gerði samninga við þessa tvo aðila um gagnkvæman sölu- og kauprétt á vélunum. Títan greiddi ekkert fyrir þann kauprétt. Í skýrslu skiptastjóranna segir hins vegar að Títan hafi gert samning við WOW air um að greiða sér alls 12 milljónir dala fyrir kaupréttina. Í dag nemur sú upphæð um 1,3 milljarði króna. Auk þess greiddi WOW air mánaðarlegt ábyrgðargjald til Títan vegna leigu á vélunum.

Hluti af þeim kröfum sem urðu til vegna þessa samnings var nýttur til að greiða fyrir auknið hlutafé í WOW air. Niðurstaða Deloitte var að erfitt hafi verið að „greina viðskiptalegar forsendur að baki svo hárrí þóknun er WOW bar að greiða Títan fyrir kauprétti að flugvélum.“

Undir það tóku skiptastjórar WOW air í skýrslunni og þar kemur fram að málið sé til áframhaldandi skoðunar.

Skúli hefur sagt að það sé ekki rétt að hann hafi fengið milljarða greiðslur út úr WOW air vegna sölu Títan á kaupréttunum, sem félagið hafi fengið frítt, til WOW air. „Hið rétta er að Títan fékk umræddan kauprétt gegn því að ábyrgjast allar greiðslur WOW air í tíu ár upp á tugi milljarða vegna umræddra kaupa. Þetta var skilyrði af hálfu flugvélaeigandans. Það skal líka tekið fram að Títan fékk ekki umræddan milljarð í reiðufé heldur að mestu leyti í formi fleiri hlutabréfa í WOW air. WOW air seldi umræddar flugvélar til Air Canada gegn greiðslu í reiðufé og því augljóslega rangt að tala um að engin verðmæti hafi

skapast eða átt sér stað,“ sagði Skúli í yfirlýsingu sem hann sendi síðastliðinn mánudag.

Skúli sver af sér óheilindi

Þar segir Skúli einnig að heildartap sitt og félaga í hans eigu vegna falls WOW air sé hátt í átta milljarðar króna. Það sé eðlilegt að rýna í og læra af vexti og falli WOW air. „Það er hins vegar mjög auðvelt að vera vitur eftir á og sorglegt að sjá hvernig sumir keppast við gera viðskipti WOW air tortryggileg. Það er fráleitt að halda því fram að ég og mitt fólk höfum ekki unnið að heilindum í einu og öllu við uppbyggingu og síðan við það að reyna að bjarga félaginu frá falli.“

Það er skoðun sem skiptastjórar WOW air og hluti kröfuhafa félagsins deila ekki með stofnanda flugfélagsins.

Vonast enn til að selja vörumerkið WOW air

■ Í skýrslu skiptastjóranna kemur fram að þrotabúi WOW air sé enn í viðræðum við nokkra aðila um sölu á vörumerkinu WOW air, lénnum félagsins, bóknarvél og ýmsu lausafé sem tengist rekstri félagsins. „Þær viðræður ganga ágætlega og vonast skiptastjórar til þess að ljúka samningum um sölu þeirra eigna.“

Eini áhugasami kaupandinn sem greint hefur verið frá opinberlega er bandaríska athafnanon Michelle Ballarin. Hún gerði kaupsamning um valdar eignir úr þrotabúi WOW air í júlí en honum var síðan rift. Hún kom svo í viðtal við ViðskiptaMoggann skömmu síðar og þar fullyrði hún að búið væri að tryggja milljarða króna til reksturs nýs flugfélags á grunni WOW air sem ætti að duga næstu tvö árin.

Í lok júlí var kaupnum hins vegar rift vegna þess að síendurtekið hafði dregist að borga fyrstu greiðslu samkvæmt kaupsamningi sem gerður var milli félags Ballarin og þrotabúsins. Heildarumfang viðskiptanna átti að vera ríflega 180 milljónir króna og sú greiðsla að greiðast í þremur nokkuð jöfnum áföngum. Ballarin var svo stödd hér á landi á ný um miðjan ágúst. Fréttavefurinn Túristi.is sem sérhæfir sig í ferðaþjónustutengdum fréttum greindi þá frá því að erindi hennar væri að reyna aftur við stofnun nýs flugfélags á grunni WOW air. Hérlendis voru fulltrúar hennar sagðir almannatengillinn Gunnar Steinn Pálsson og lögmaðurinn Páll Ágúst Ólafsson.

Sveinn Andri Sveinsson, annar skiptastjórnar þrotabús WOW air, sagði á þeim tíma, í samtali við Kjarnann, að Ballarin hefði ekki sett sig í samband við þrotabúið á ný.

”

„Á grundvelli athugunar Deloitte hefur þrotabúið þegar ráðist í ýmsar aðgerðir, og mun ráðast í fleiri. Flestar snúast þær um samninga og greiðslur sem áttu sér stað milli Skúla Mogensen og félags hans Títan, sem var eigandi WOW air fyrir þrot, og WOW air.“

Er barnið þitt klárt fyrir skólann? Skráning er hafin á haustnámskeiðin

Það sem þjálfunin færir:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmýnd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að spyrja spurninga og taka þátt í umræðum
- Koma hugmyndum sínum betur á framfæri og auka áhrif sín
- Kynnast nýjum krökkum, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

Námskeið hefst:

- 10 til 12 ára 23. sept. 17.00 til 20.00 8 skipti með viku millibili
- 13 til 15 ára 19. sept. 17.00 til 20.30 8 skipti með viku millibili
- 16 til 19 ára 18. sept. 18.00 til 22.00 8 skipti með viku millibili
- 20 til 25 ára 17. sept. 18.00 til 22.00 8 skipti með viku millibili



Skráning í kynningartíma fyrir börn og foreldra á dale.is/ungtfolk eða í síma 555 7080



HVAÐ ER

GULT

*og kemur þér í skólann
fyrir aðeins **4.408 krónur**
á mánuði?*



*Árskort fyrir nema 18 ára og eldri + Zipcar áskrift kostar 52.900 kr. Hægt er að dreifa greiðslum.



Viðtalið

ÓLAFUR STEPHENSEN



”

„Eftir að Þóra hafði greinst í annað sinn fór ég í fjölskylduviðtal með Elínu systur minni hjá Ljósinu. Það var afskaplega gott og hjálpaði manni að hugsa eftir réttum brautum og vera stuðningur bæði við þann veika og aðra aðstandendur, held ég.“

Fullur þakklætis fyrir heilsuna og lífið

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, ætlar að hlaupa hálf t maraþon til styrktar Ljósinu í Reykjavíkumaraþoninu á laugardaginn. Ástæða þess að hann valdi að styrkja Ljósið er að hann missti systur sína úr krabbameini fyrir rúmu ári auk þess sem önnur systir hans gekk einnig í gegnum krabbameinsmeðferð fyrir nokkrum árum. Ólafur sjálfur lenti í slysi fyrir ári síðan, braut viðbein og nokkur rifbein og segist rétt vera að komast í form aftur eftir það. Reyndar hafi ekki mátt miklu muna að slysið kostaði hann lífið en hlaupin hafi átt þátt í því að flýta fyrir batanum.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Unnur Magna





Ég hef aldrei hlaupið heilt maraþon en þetta er líklega fjórða eða fimmta hálfmaraþonið sem ég hleyp,“ svarar Ólafur aðspurður hvort hann hafi lengi stundað maraþonhlaup. „Ég er reyndar gamall antisportisti en varð óvart svolítið liðtækur hlaupari vegna þess að ég og Jón vinur minn vorum með endalausán skæting við íþróttakennarann okkar í MR og hann var orðinn svo leiður á okkur að hann sendi okkur alltaf út að hlaupa. Svo hafði ég ekki hlaupið lengi en þegar ég var kominn um fertugt og farinn að horfa á ístruna á mér stækka, áttaði ég mig á að ég þyrfti sennilega að fara að gera eitthvað í því hvað ég hreyfði mig lítið. Síðan hef ég hlaupið býsna mikið og nokkuð reglulega tekið þátt í keppnishlaupum.“

Spurður hvort hann sé kominn í þann hóp hlaupara sem fari til útlanda oft á ári til að hlaupa þar um fjöll og firnindi svarar Ólafur því til að hann sé reyndar ekki kominn þangað en það sé þó farið að kítla hann pínulítið að taka þátt í maraþonum erlendis.

„Ég hef ekki gert það enn þá, nei,“ segir hann. „Ég er reyndar aðeins að láta mig dreyma um það að fara kannski til New York, Boston eða Barcelona til þess að hlaupa maraþon en hvort af því verður kemur í ljós.“

Ólafur hleypur til að safna fyrir Ljósið til minningar um systur sína, Þóru Stephensen, sem lést eftir baráttu við krabbamein í apríl 2018. Hann segir dauða systur sinnar þó ekki vera einu ástæðuna fyrir því að hann valdi að styrkja starfsemi Ljóssins.

„Það er lengri saga á bakvið það,“ segir hann. „Ég átti tvær systur, Elínu og Þóru, sem voru þrettán og ellefu árum eldri en ég. Elín greindist með krabbamein í legi árið 2014 en hafði betur í þeirri baráttu og er frísk í dag. Þóra greindist 2016 með brjóstakrabba og það leit út fyrir að hún hefði líka sigrast á sínu meini en svo blossaði það upp aftur árið 2017 og hún dó í apríl í fyrra. Þær leituðu báðar mikið til Ljóssins og höfðu mikinn styrk af þeirri frábæru þjónustu sem þar er í boði. Það vill reyndar líka svo til að nýlega varð konan mín, Ragnheiður Agnarsdóttir, stjórnarformaður Ljóssins og sagan á bakvið það er að hún í fyrsta lagi missti fyrri manninn sinn, Þórð Friðjónsson, úr krabbameini árið 2011 og síðan greindist stjúpmóðir hennar, Rósa Steinsdóttir, með krabbamein 2016 og hefur líka sótt mikið til Ljóssins. Tengdamamma dóttur minnar, Guðrún Kristín Svavarsdóttir, er líka í hópi skjólstaðinga Ljóssins. Þannig að Ljósið á það eiginlega alveg inni hjá mér að ég leggi pínulítið á mig fyrir það.“

Óttinn við krabbamein aldrei nagað

Spurður hvernig hann hafi sjálfur tekist á við veikindi systra sinna, hvort hann hafi leitað sér aðstoðar í ferlinu, svarar Ólafur að hann hafi reyndar gert það.

„Eftir að Þóra hafði greinst í annað sinn fór ég í fjölskylduviðtal með Elínu systur minni hjá Ljósinu,“ upplýsir hann. „Það var afskaplega gott og hjálpaði manni að hugsa eftir réttum brautum og vera stuðningur bæði við þann veika og aðra aðstandendur, held ég.“

Það er nærtækt að spyrja hvort Ólafur sé ekki sjálfur hræddur um að greinast með krabbamein eftir þessa reynslu en hann segist reyndar ekki vera sérstaklega hræddur um það, þótt hann geri sér að sjálfsögðu grein fyrir því að hann gæti fengið krabbamein eins og hver annar.

„Systur mínar létu rannsaka það hvort krabbameinið væri að einhverju leyti ættgengt en það kom ekkert í ljós sem bendir til þess,“ útskýrir hann. „Ég er líka undir mjög góðu eftirliti hjá konunni minni sem gengur hart eftir því að ég

fari reglulega í alls konar tékk, eins og maður á auðvitað að gera þegar maður er kominn um og yfir fimmtugt, og óttinn við það að fá krabbamein hefur aldrei nagað mig. Það er hins vegar gott að láta fylgjast vel með sér og hafa forvarnarnar í lagi.“

Væri steindauður ef hjálmurinn hefði ekki verið

Þremur mánuðum eftir að Þóra systir hans lést lenti Ólafur í hjólreiðaslysi, reyndar á afmælisdegi hennar, og hefur síðan farið í hverja aðgerðina á fætur annarri til að ná fullri hreyfingu á ný. Hver voru tildrög slyssins?

„Á einum af þeim fáu fallegu dögum sem við fengum á höfuðborgarsvæðinu í fyrrasumar vöknudum við Ragnheiður eldsnemma og ákváðum að nýta morguninn til að fara í hjólatúr,“ segir Ólafur.

„Verandi gamall antisportisti lærði ég ekki að hjóla fyrr en ég var tuttugu og átta ára gamall en hef dálítið hjólað síðan. Eftir að ég kynntist Ragnheiði, sem er dálítið hjólaóð, keypti ég mér fjallahjól og fékk svo lánað racer-hjól hjá félagi mínum. Var búinn að prófa það á hjólastígum innanbæjar í einhverja daga og fannst það ógurlega gaman þannig að ég var mjög spenntur fyrir því að hjóla Nesjavallavegin þennan dag. Þegar við vorum á leiðinni til baka var ég kominn á milli 30 og 40 kílómetra hraða, þegar ég lenti með framdekkið í sprungu á veginum. Síðan tók við lausamöl þegar ég var að reyna að ná jafnvæginu aftur og svo bara man ég ekki meira. Ég flaug af hjólinu og steinrotaðist þannig að þegar Ragnheiður kom að mér andaði ég eitthvað lítið og hægra viðbeinið stóð út í jakkann minn, ég var sem sagt með opið beinbrot í öxlinni. Ef ég hefði ekki verið með hjálm væri ég náttúrulega steindauður, en ég slapp með höfuðhögg og svolítið af beinbrotum.“

Viðbeinsbrotið var erfiðast viðureignar en afleiðingarnar af höfuðhögginu voru þær að ég sá tvöfalt til að byrja með. Það gekk yfir á nokkrum vikum



„Ég flaug af hjólinu og steinrotaðist þannig að þegar Ragnheiður kom að mér, andaði ég eitthvað lítið og hægra viðbeinið stóð út í jakkann minn, ég var sem sagt með opið beinbrot í öxlinni. Ef ég hefði ekki verið með hjálm væri ég náttúrulega steindauður.“

Ólafur hleypur til að safna fyrir Ljósið til minningar um systur sína, Þóru Stephensen, sem lést eftir baráttu við krabbamein í apríl 2018. Það eru þó fleiri ástæður fyrir því að hann valdi að styrkja starfsemi Ljóssins.



og mér var sagt að það væri ekkert óalgengt eftir heilahristing. Ég var frá vinnu í þrjár vikur en skrönglaðist svo af stað aftur og fór kannski of geyst, ég veit það ekki.

Viðbeinið var skrúfað saman með stálplötu en sú viðgerð hélt ekki, þannig að ég þyrfti að fara í annan uppskurð í desember þar sem sett var í mig veigameiri stálplata. Hún var svo tekin úr mér aftur núna í maí með þriðju skurðaðgerðinni og síðan er ég búinn að vera að reyna að koma mér aftur í form. Ég hef líka verið duglegur að synda og á tímabili vakti ég mikla athygli og fólk gaf sig gjarnan á tal við mig í Laugardalslauginni af því að ég synti bara með annarri hendinni. Nú er ég farinn að geta gert flest sem ég gat fyrir ári. Áhuginn á hjólreiðum hefur þó heldur dalað, ég er búinn að fara í einn hjólatúr í sumar, nokkurn veginn réttu ári eftir að ég datt, og ég verð að viðurkenna að fyrstu kílómetrana var ég bara skíthráddur en það rjótlaðist sem betur fer af mér. En ég hugsa að ég fari voðalega varlega í hjólreiðunum hér eftir. Ég hjólaði í vinnuna einn daginn og tók tímann á mér og niðurstaðan var sú að ég hjóla hægar en ég hleyp, þannig að þú sérð að ég fer óskaplega varlega til að byrja með.“

Ólafur viðurkennir að síðasta eina og hálfra árið hafi verið ansi erfitt en segist hafa tekist á við það sem upp á hefur komið með því að ræða öll mál við sína nánustu. Þessi reynsla hafi þó að ýmsu leyti breytt lífssýn hans.

„Fyrst og fremst finnst manni líf og heilsa ekkert sjálfsgöfir hlutir lengur,“ segir hann hugsi. „Ég var mjög heppinn að slasa mig ekki verr í þessari byltu og er líka heppinn að vera laus við alls kyns illvíga sjúkdóma sem fólk er að glíma við allt í kringum mann. Þannig að í rauninni hefur þetta fyllt mig af þakklæti fyrir heilsuna, lífið og það sem ég hef og ég tek hlutunum síður sem sjálfsögðum.“

Engin eftirsjá og svekkelsi í farteskinu

Ég heyri að Ólafur er ekkert sérlega vel við spurningar mínar um persónulegar upplifanir hans þannig að við breytum um kúrs og förum að ræða atvinnu hans. Haustið 2014 hætti hann sem ritstjóri Fréttablaðsins með hárbeyttum leiðara þar sem hann ásaði eigendur blaðsins um afskipti af ritstjórnarstefnu þess. Höfðu þau skrif einhver eftirmál?

„Nei, nei,“ segir hann og brosir. „Ég reyni að gera mitt til að passa upp á það að þegar ég hætti einhvers staðar með hveli verði sem minnst eftirmál af því. Það þyrfti að segja ákveðna hluti eins og þeir voru en ég reyni að passa mig á því að bera ekki kala til nokkurs manns og paufast alls ekki í gegnum lífið með einhverja eftirsjá eða svekkelsi í farteskinu. Það er ein uppskriftin að hamingju og heilsu að láta slíkt eiga sig og skilja það bara eftir við veginn.“

Þegar Ólafur kvaddi Fréttablaðið og skipti um starfsvettvang hafði hann starfað við blaðamennsku síðan á unglingsaldri og ég á erfitt með að kyngja því að hann sakni hennar ekkert.

„Það kemur fyrir að mig langar til að vera á staðnum þegar mér finnst fjölmiðlarnir gleyma sínu mikilvæga aðhaldshlutverki og láta hjá líða að spyrja gagnrýninnu spurninga eða varpa ljósi á bakgrunn mála,“ segir hann dræmt. „En svo læknast ég alltaf um leið þegar það rifjast upp fyrir mér hvernig vinnutíminn og álagið var í blaðamennskunni.“

Ólafur hefur ekki alveg sagt skilið við skriftirnar þótt hann sé hættur í blaðamennskunni, hann hefur verið mjög duglegur við að skrifa greinar sem tengjast nýju hlutverki hans sem framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, enda segir hann upplýsingamiðlun og umræður alltaf hafa verið sitt líf og yndi.

Léttasta skólabókin í töskunni

Ný MacBook Air

2019 árgerð komin í verðslanir



MacBook Air 2019

1,6GHz 8.kynslóð dual-core Intel Core i5
með Turbo Boost allt að 3,6GHz
128GB flash / 8GB vinnsluminni
Íslenskt baklýst lyklaborð

Verð: 209.990

3 litir: ○ ○ ○

GJAFABRÉF

Fylgir MacBook Air
og MacBook Pro
2019, keyptum
hjá Epli til
18. september 2019.

EPLI

Gildir ekki með
öðrum afsláttum
eða tilboðum.

10.000 kr.



Ný MacBook Pro

MacBook Pro 13 /15"

1,4GHz quad-core Intel Core i5
með Turbo Boost allt að 3,9GHz
128GB flash / 8GB vinnsluminni
Íslenskt baklýst lyklaborð

13" Verð frá: 249.990 (2019)

15" Verð frá: 429.990 (2019)

2 litir: ○ ○



Birt með fyrirvara um prent- og verðvillur.

****Vaxtalaus greiðsludreifing.**

Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verðslun Epli í allt að 6 mánuði. Við kaupverð bætist 3,5% lántökugjald og færslugjald nú 405 kr. við hvern gjalddaga.



Laugavegi 182 og Smáralind | Sími 512 1300 · epli.is



Viðtalið

ÓLAFUR STEPHENSEN



„Í rauninni hefur þetta fyllt mig af þakklæti fyrir heilsuna, lífið og það sem ég hef og ég tek hlutunum síður sem sjálfsögðum.“

„Það kemur sér mjög vel í þessu starfi sem ég sinni núna,“ segir hann. „Þar er verið að halda á lofti ákveðnum málstað sem ég hef fylgt frá því að ég var rúmlega fermdur, sem sé áherslu á einstaklings- og athafnafrelsi og frjálsa verslun. Ég bind þó ekki trúss mitt neitt sérstaklega við ákveðinn flokk, ég er bara alþjóðasinnaður, frjálslyndur hægrimaður.“

Langar ekki í starf kjörins fulltrúa

Margir hafa haft það á tilfinningunni að Ólafur stefni að frama innan stjórnmalanna en hann gefur lítið fyrir þær hugmyndir.

„Það er alveg hægt að halda því fram að ég hafi verið í pólitík með einum eða öðrum hætti síðan á unglingsárum,“ segir hann. „Ég var í stjórnmaláttöku í gamla daga með ungum Sjálfstæðismönnum, Samtökum ungra íhaldsmanna á Norðurlöndum og fleirum. Snertifletir blaðamennsku og stjórnmaláttöku eru margir og sömuleiðis snertifletir pólitíkur og svona hagsmunagæslu eins og ég er í núna en mig langar ekkert óskaplega í starf hins kjörna fulltrúa, mér sýnist að það sé ekkert sérstaklega öfundsvort hlutskipti og það er vel hægt að hafa áhrif með öðrum hætti.“

Eitt af þeim málum sem Ólafur hefur beitt sér fyrir að knýja fram breytingar á eru jafnréttismál kynjanna, hann var lengi í stjórn UN Women á Íslandi og var einn af þátttakendum í He for She-herferðinni. Hvað vakti upphaflega áhuga hans á jafnréttismálum, voru það áhrif frá eldri systurum hans tveimur?

„Að hluta til voru það áhrif frá þeim,“ viðurkennir hann. „Og líka frá mömmu sem hélt reglulega yfir mér ræður um jafnréttismál þótt þau pabbi væru að mörgu leyti í hefðbundnum kynhlutverkum. En það sem ýtti mér helst inn í aktífisma í þeim málum var að ég horfði upp á til dæmis fyrrverandi konuna mína og vinkonur mínar frá fornu fari, sem höfðu trúað því, eins og ég sjálfur, að þær ættu alla sömu möguleika og við strákar, upplifa það þegar þær komu út á vinnumarkaðinn að fá nærgöngular spurningar í atvinnuviðtölum. Eins og um hvort þær ættu börn, hvort þær ætluðu að eignast börn og svo framvegis, spurningar sem við strákar klárlega fengum ekki. Það var iðulega gefið í skyn að konur væru lélegri starfskraftar í fyrirtækjum en karlar og það endaði með því að ég setti mér það markmið að gera það sem ég gæti til að stuðla að því að karlmenn yrðu jafnlélegir starfskraftar og konur. Þannig var uppleggið að hvetja karlmenn til að axla sínar skyldur gagnvart fjölskyldunni en frá mínum bæjardrym séð voru þetta afskaplega ljúfar skyldur og ég held að ég og margir aðrir hafi fyrst og fremst litið á það sem tækifæri til að geta sinnt heimili og börnum að fá það í gegn að feður



„Það var iðulega gefið í skyn að konur væru lélegri starfskraftar í fyrirtækjum en karlar og það endaði með því að ég setti mér það markmið að gera það sem ég gæti til að stuðla að því að karlmenn yrðu jafnlélegir starfskraftar og konur,“ segir Ólafur, sem er þekktur fyrir að hafa lagt sitt á vogarskálarnar í jafnréttisbaráttunni, var til að mynda lengi í stjórn UN Women á Íslandi og var einn af þátttakendum í He for She-herferðinni.

fengu fæðingarorlof og sveigjanleika í vinnutíma sem nú orðið þykir víðast sjálfsagt. Á þessum tíma var fæðingarorlof feðra mjög framandi hugmynd og ég kom mér í karlanefnd jafnréttisráðs, sem þá starfaði, og varð síðar formaður hennar um það leyti sem elsta dóttir mín fæddist. Karlanefndin lagði fram tillögur um að fæðingarorlofskerfi þar sem réttinum var skipt jafnt milli feðra og mæðra og greiðslurnar tekjutengdar og það var mjög ánægjulegt að sjá hvernig þær hugmyndir náðu flugi og urðu að lögum sem tóku gildi í ársbyrjun 2001. Það var mikil tímamótalöggjöf þótt það hafi komið ákveðið bakslag í það hvernig feður nýttu sér fæðingarorlofið vegna niðurskurðar á greiðslunum eftir hrun en það er sem betur fer smátt og smátt að lagast aftur.“

Einkalífið á ekkert erindi við alþjóð

Ólafur á sjálfur tvær dætur og einn son, framfylgir hann jafnréttishugsjón sinni í uppeldinu á þeim?

„Ég reyni að hafa muninn á því hvernig ég el þau upp sem allra minnstan,“ segir hann og hlær við. „Ég tók fæðingarorlof með þeim öllum heima. Þegar sú elsta fæddist áttu feður reyndar engan rétt á orlofi, ég hálfpartinn svindlaði það út úr Árvakri sem var minn vinnuveitandi á þeim tíma. Ritstjórnarnir Styrmir og Matthías og Hallgrímur Geirsson framkvæmdastjóri voru sveigjanlegir í samningum eftir að þeir höfðu náð af sér undrunarsvipnum yfir því að karlmaður væri að biðja um fæðingarorlof. Það að vera heima með litlu barni þýðir að maður tengist því með öðrum hætti en þegar maður hefur ekki það tækifæri, þannig að mér finnst samband mitt við alla krakkana mína vera jafnáið og reyni að veita þeim öllum sama uppeldi og sömu hvatningu og þann stuðning sem ég mögulega get. Hitt er svo annað mál að það verður ekkert umflúið að kynin eru ólík og strákurinn bara fleygði aftur í mann þessum dúkkum sem maður var að reyna að halda að honum og vildi fá sínar byssur. Ég veit ekki hvaðan það kom.“

Ólafur hefur það orð á sér að vera afskaplega privat maður og ekki mikið fyrir að flíka sínu einkalífi, hefur það eitthvað breyst með breyttum áherslum í lífinu?

„Ja, krakkarnir mínir eru nú ekki endilega sam-mála því,“ segir hann glottandi. „Þeim finnst ég svo duglegur að birta myndir á Instagram þar sem hefur

gleymst að spyrja hvort fólk væri búið að greiða sér og hafa sig til. En, jú jú, ég hef fengið tilboð um að ræða einkalífið í smáatriðum í einhverjum blaðaviðtölum en það á ekkert erindi við alþjóð.“

Kórsöngur jákvæður fyrir líkama og sál

Eins og fram hefur komið segir Ólafur þá reynslu að ganga í gegnum erfið veikindi með systur sínum og lenda sjálfur í alvarlegu slysi hafa kennt sér að leggja áherslu á aðra hluti en fyrr, er innifalið í þeirri áherslubreytingu að leggja meiri rækt við einkalífið?

„Það má alveg segja það,“ segir hann ákveðinn. „Það er orðið erfið að ná mér á mannabót vegna þess hvað mér finnst gaman að vera heima hjá mér með fjölskyldunni. Eftir fjórtán ár á ritstjórnastóli, þar sem maður er eiginlega alltaf í vinnunni, er líka stórkostlegt að komast að því að þegar maður á frí á kvöldin getur maður farið að rækta áhugamálin eins og ég er farinn að gera núna. Fyrir þremur árum fór ég að syngja með Sönghópnum Spectrum. Ég hefði aldrei komið fyrir þriggja klukkutíma kvöldæfingu í hverri viku og helgaræfingum, tónleikum og slíku með fram gamla starfinu mínu sem ritstjóri. Mér finnst þetta alveg óskaplega skemmtilegt og það hefur gefið mér mikið. Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að syngja og krakkarnir mínir hafa haft orð á því að þau þyrftu að sæta því við messur á stórhátíðum að pabbi þeirra væri að reyna að yfirgnæfa kórinn. Ég hafði hins vegar ekki hugmynd um að ég gæti sungið í kór fyrr en tveir áskuvínir mínir, sem voru farnir að syngja með Spectrum, sögðust sjá á mér hvað mig langaði mikið til þess að vera með og hvöttu mig til að prófa. Þannig að ég lét tilleiðast að syngja fyrir kórstjórnann og það satt að segja kom mér svoltið á óvart, að ég skyldi fá að vera með. Ég er afskaplega ánægður með það enda margsannað mál að kórsöngur hefur jákvæð áhrif á bæði líkama og sál. Að mæta á æfingu og syngja í þrjá klukkutíma þurrkar allar áhyggjur út eins og hendi sé veifað og maður verður alveg slakur. Það veitir sjálfsagt ekkert af í mínu tilfelli þar sem ofvirknigenið er ansi sterkt í mér en sem betur fer er mér að lærast að taka lífinu með ró.“

Og á þeim nótum sláum við botninn í samtalið enda þarf Ólafur að halda vel á spöðunum því það er ekki nóg með það að hann ætli að hlaupa hálfmaraþon á laugardaginn heldur mun hann einnig syngja með Spectrum í Listasafni Íslands sem hluta af dagskrá Menningarnætur.

Bragðgóð hollusta á milli mála - lífrænar drykkir sem draga úr nartþörf!

GingerLove



engifer appelsínur sítróna

DetoxLove



túrmerik ananas engifer

Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Heimkaup og í fjölmörgum apótekum og völdum útsölustöðum um land allt.

BÍO RAW VEGAN

abel heilsuvörur



Kynntu þér spennandi
leikár á borgarleikhus.is

Besta verðið með áskrift

Veldu þá áskriftarleið sem hentar þér best.

★ LEIKHÚSKORT ★

30% AFSLÁTTUR

4-7 sýningar og ýmis fríðindi

← EÐA →

★ LÚXUSKORT ★

40% AFSLÁTTUR

8 sýningar + og ýmis fríðindi





Innlent

LEIÐARI

Lyktar af þekkingarleysi

Eftir / Ragnhildi Aðalsteinsdóttur

Bundið slitlag er nú komið á allan þjóðveg númer 1 eftir að nýr vegakafli við Berufjarðarbotn var vígður fyrir skömmu. Árið 2017 var hringvegurinn færður af malarveginum á Breiðdalsheiði og yfir á Suðurfirðina sem voru með bundnu slitlagi en að öðrum kosti má guð vita hvenær Ísland hefði borið gæfu til að skapa þessar sjálfsögðu aðstæður um allan þjóðveg númer 1. Ný vegarspottinn um Berufjarðarbotn er tæplega fimm kílómetra langur en samt sem áður var ekki átakalaust að ná framkvæmdinni í gegn og henni ítrekað frestað. Árið 2017 tóku íbúar Berufjarðar á það ráð að loka veginum í mótmælaskyni við enn eina frestunina.




Sjálf er ég alin upp á sveitabæ í um 100 kílómetra fjarlægð frá næsta kaupstað. Vegurinn var holóttur, grýttur, hlykkjóttur, mjór og á köflum niðurgrafinn malarvegur. Brýrnar voru allar einbreiðar og aðstæður við þær í hálfu, til hliðar við snarbrött gilin voru ekki til að hrópa húrta fyrir. Ég gekk í heimavistaraskóla frá sjö ára aldri, fór í skólann á mánudegi og kom heim eftir hádegi á föstudögum. Yfir vetrartímann gátu þessar færðir með skólabilinum verið hreinasta martröð. Ég man eftir atvikum þar sem bíllinn festist svo illa að við þurftum að ganga nokkurra kílómetra leið að næsta bæ. Einn sinni var svo mikil hálfka á

einni brúnni yfir beljandi jökulána að bíllinn festist á henni miðri og komst hvorki lönd né strönd. Á veturna var ekki hlaupið að því að komast undir læknishendur ef eitthvað óvænt kom upp á og til dæmis snjósleðar notaðir þegar færð var slæm.

Góðar samgöngur eru mér því hugleiknar og samgöngumannvirki með fallettri mannvirkjum sem ég veit um - upphækkaðir, beinir og breiðir vegir vekja hjá mér aðdáun, svo ekki sé minnst á brýr og jarðgöng. Miklu hefur verið áorkað í þessum málum síðan ég var að alast upp og hver einasta framkvæmd að sjálfsögðu til bóta, hvort sem er í þéttbýli eða dreifðari byggðum landsins. Hitt er svo annað mál að forgangsröðunin er oft og tíðum undarleg og lyktar af þekkingarleysi.

Vera má að fólki sem lítið hefur komið út fyrir höfuðborgina þyki rómantískt að skrölta um á illfærum vegum yfir brattar heiðar þegar það fer út á land til að upplifa hvað allt var kúl í gamla daga. Konan sem átti barnið sitt í Oddskarði fyrir tíma Norðfjarðarganganna er líklega ekki sammála. Íbúar Seyðisfjarðar sem hafa dögum saman verið innilokaðir vegna ófærðar á Fjarðarheiði eru ekki sammála. Pabbi minn sem þurfti að notast við kláf til að komast yfir Jökulsá á Brú fyrstu 20 ár ævi sinnar er ekki sammála heldur. Þetta fólk skilur þörfina fyrir samgöngubætur sem oftast en ekki snúast um líf og dauða.

Að þessu sögðu mæli ég með að næsta samgöngubót verði hafin sem fyrst. Vegurinn um Fjarðarheiði er einn hæsti þjóðvegur landsins í rúmlega 600 metra hæð. Jarðgöng milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar eru löngu tímabær til að rjúfa vetrareinangrun og tryggja öryggi bæði íbúa og ferðalanga.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Sköðun

Eftir / Ómar Valdimarsson

76 dagar án kennara

■ Skóli dætra minna hefur aftur göngu sína í dag. Í dag eru 76 dagar frá því að dætur mínar fóru í sumarfrí. Í dag eru 76 dagar frá því að það var eitthvað í líkingu við rútínu í lífi fjölskyldunnar minnar.

Á þessum 76 dögum hefur gefist ágætis ráðrúm til þess að velta fyrir sér gildismati samfélagsins og hversu stóra rullu kennara spila í lífi íslenskra fjölskyldna. Ég hef til dæmis fengið tækifæri til þess að velta þessu vandlega fyrir mér þegar ég þarf að skjótast úr vinnunni – stundum tvisvar til þrisvar á dag – til þess að skutla dætrum mínum á hin og þessi námskeiðin, sem alla jafna eru haldin á mjög ókristilegum tíma, t.d. frá klukkan 10 til 14 (!)?!

Ög þessi námskeið eru yfirleitt ekki ókeypis – ef maður sleppur vel þá kosta þau bara annan handlegginn eða hvítuna úr augunum á þér.

Þá hef ég stundum saknað kennara barnanna minni extra mikið, þegar ég kem síðdegis og opna útidyrhurðina og á móti mér tekur heill her krakka – vinir dætra minna – og heimilið er á hvolfi og minnir meira á frístundaheimili en gríðastað fjölskyldunnar.

Svo eru það stundum kvöldin, sem ég hugsa fallega til kennara dætra minna. Eftir kvöldmatinn, þegar mér finnst gott að setjast niður með kaffibolla og horfa á fréttirnar, er sumarið oftast ekki sá tími sem dæturnar hafa hertekið skjáinn til þess að horfa á YouTube-

myndbönd með mokríkum, uppátækjasömum og fallegum bandarískum unglingum sem halda út sinni eigin sjónvarpsrás. Og fyrst við erum að tala um ljúf og falleg sumarkvöld: Hvernig fær maður krakkaskratta til þess að fara að sofa fyrir 23 á kvöldin, þegar það er enn þá sóll úti?!

Umræðan um laun kennara ber reglulega á góma í íslenski samfélagsumræðu. Grunnlaun grunnskólakennara eru í dag 459.069 krónur á mánuði. Næst þegar kjarasamningar kennara koma til umræðu ætla ég að hugsa til þessara 76 daga og hversu mikils virði mér finnst starf kennara vera í raun og veru. Eins og það er nú yndislegt að vera foreldri – að fá að fylgja einstaklingum sem maður elskar út í lífið og vera þeim innan handar með allt og ekkert – er skólabyrjun alltaf sérstakt fagnaðarefni. Ég elska dætur mínar til tunglsins og til baka en mikið verður gott að fá smárútinu aftur!

„Næst þegar kjarasamningar kennara koma til umræðu ætla ég að hugsa til þessara 76 daga og hversu mikils virði mér finnst starf kennara vera í raun og veru.“

Höfundur er lögræðingur.

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarkslengd texta er 450 orð.

782-0503

Vantar þig vönduð heimilisþrif?

Traust þrif geta bætt við sig þrifum fyrir heimili í öllum stærðum og gerðum.

[Sérhæfum okkur í hágæða bóni og mygluþrifum.]

TRAUST ÞRIF

Góð meðmæli og traust þjónusta fyrir þá sem vilja aðeins meira.

Hafðu samband við okkur í síma 782-0503 eða á traustthrif@gmail.com og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki eða húsfélag.



Sleggjan



„Kæri forsætisráðherra, fyrst þú fórst að kveðja Ok, má ég kannski bjóða þér að heilsa Ófeigsfjarðarheiði?“

Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur.



„Hvað þarf margar kannanir og upphröpanir til að meirihlutinn hætti að stinga hausnum í sandinn og horfist í augu við að hópur barna sem forðast skólann sinn fer stækkandi, barna sem sýna einkenni kvíða og depurðar sem rekja má beint til líðanar í skóla þar sem þau hafa ekki fundið sig meðal jafningja?“

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, baunar á borgarmeirihlutann fyrir að styðja hugmyndafræði Skóla án landamæra.



„Sama hvert málefnið er en það er þá hlutverk forystumanna flokksins, með sínu umburðarlyndi, lagni og stjórnvísku að setta þessi sjónarmið. En ekki berja menn í hausinn með hafnaboltakylfu.“

Óskar Magnússon athafnamaður segir flokksforystu Sjálfstæðisflokksins verða að lægja öldur innan flokksins vegna þriðja orkupakkamálsins.



„Hverjir niðast svona á íslenskum neytendum? Jú, í ljós kemur að félagsmenn í FESK flytja inn tæp 90 prósent tollkvótans af svínakjöti og helming kvótans af alifuglakjöti. Það eru sem sagt hans eigin félagsmenn sem niðast á neytendum.“

Ólafur Arnarson, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna, gagnrýnir Sigmar Vilhjálmsson, talsmann Félags eggja-, svína- og kjúklingabænda, fyrir að halda því fram að innflytjendur svíni á neytendum með því að hirða allan ábata af tollfrjálsum innflutningi matvæla.



„Vinstri“-meirihluti borgarstjórnar virðist vera handbendi braskara þegar kemur að skipulags- og byggingarmálum.“

Hjörleifur Stefánsson arkitekt lýsir frati á „háhyssabyggðina“ við Skúlagötu og segir hana skelfilega.

„Þegar Katrín Jakobsdóttir hagar dagskrá sinni ekki svo, að hún geti hitt varaforseta Bandaríkjaanna og talað máli Íslendinga, er hún ekki að koma fram sem forsætisráðherra ÍSLANDS, heldur sem leiðtogi VINSTRI GRÆNNA.“



Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

„Sem láglaunakona á íslenskum vinnumarkaði og sem fulltrúi láglaunakvenna verð ég að segja og stel þarna smá frá frægu kvóti Stephen Jay Gould: Ég hef töluvert minni áhuga á því hversu margar konur hafa risið til æðstu metorða í íslenski viðskiptalífi svo þær megi þar ríkja eins og stéttbræður sínir, auðmennirnir, heldur en því sjúka og viðstöðulausa óréttlæti og arðráni sem láglaunakonurnar verða fyrir.“



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Samkvæmt tekjubláði DV er Sólveig með 900.000 krónur í mánaðarlaun.

Góð vika



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra


Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra átti prýðisviku. Hún tók á móti norrænum kollegum sínum í vikunni og í bónus mætti Angela Merkel, kanslari Þýskalands, á svæðið. Í ofanálag tókst Katrínu með nokkurri kænsku að koma sér undan því að þurfa að sitja fund með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Enda ekki eftirsóknarvert að þurfa að sitja fund með manni sem á erfitt með að umgangast konur, fyrirlítur samkyrnhegða og trans fólk og lítur á sjónvarpsþættina Handmaid's Tale sem draumkenna útópiu fremur en framtíðarhrollvekju.

Slæm vika



Áhrifavaldar

Landinn elskar fátt meira en Tekjublað Frjálsrar verslunar sem kom út í vikunni, jafnvel þótt lesturinn veiti fæstum ánægju. Þeir sem nafngreindir eru í blaðinu kæra sig fæstir um það og hinir bölsótast yfir því hvað Nonni í næsta húsi hefur það gott. Þeir sem hljóta mesta skellinn í tekjublaði ársins eru þó áhrifavaldar sem, miðað við álagningaskrána, lifa margir hverjir við hungurmörk. Jafnvel þeir sem keppast við að baða sig í lúxus á framandi stöðum um allan heim. Skellurinn gæti jafnvel orðið enn þyngri ef útsendarar skattsins létu sig þetta varða.



LEGSTEINAR Í MIKLU ÚRVALI



Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is



”

„Stundum er fólk líka opnara fyrir nýjum uppgötvunum og stígur frekar út fyrir þægindarammann þegar það er eitt á ferð.“



Texti
Steingerður
Steinarsdóttir

Til útlanda án ferðafélaga

Undanfarin ár hefur færst í vöxt að fólk ferðist eitt. Til dæmis einhleypar manneskjur sem kjósa að binda sig ekki við vini eða vandamenn heldur fara þangað sem hugur þeirra stendur til án ferðafélaga. Margir segja að þetta sé mun skemmtilegra vegna þess að þeir stjórni algjörlega sjálfir hvenær þeir hafa félagsskap og hvenær ekki og að menn kynnist mun betur heimamönnum eða öðru ferðafólki heldur en þegar ferðast er í hópi.

Ferðalög eru líf og yndi stór hóps fólks sem er glatt og áhugasamt þegar gengið er inn á flugvöllinn með ferðatöskuna í eftirdragi og aldrei hamingjusamara en í 30.000 feta hæð. Jafnvel þótt setið sé í þröngu flugvélsæti, engin leið að sofa og ekkert í boði nema óætar rándýrar samlokur. Ástæðan er sú að þessi hópur er þegar kominn á áfangastað í huginum. Búið er að gúgla bestu veitingastaðina, merkustu kennileitin og áhugaverða staði utan alfaraleiða. Draumur er að rætast og ævintýri fram undan. Flestir eru þó uppteknir af sessunautum, ferðafélaganum, hvernig hefur hann það? Er hann jafnspenntur? Nema þið séuð í hópi þeirra sem kjósa að ferðast einir en sú tegund ferðamennsku er í mjög örum vexti um þessar mundir og margir ferðapjónustuaðilar farnir að gera beinlínis út á þennan hóp.

Eflir sjálfstraust

Þetta þýðir ekki að fólk hafi eitthvað á móti því að hafa féлага, alls ekki. Hér er meira

um að ræða að vera ekki háður öðrum. Ef fólk dettur í hug að skella sér í bátsferð um Amazon-fljótið eða í vinsmökkun í Suður-Ameríku bókar það ferð. Þá þarf ekki að hringja ótal símtöl í von um að einhver vinur hafi áhuga á því sama og fara yfir dagbækur margra misupptekinna manneskja til að finna rétta tímann.

Stundum eru þessir sóló-ferðalangar með smekk fyrir framandi slóðum sem ekki er alveg víst að allir aðrir treysti sér til að heimsækja, það kann einnig að vera að þeir kjósi að ferðast utan óhefðbundinna sumarleyfistíma og í enn öðrum tilfellum er einfaldlega praktískt að fara einn. Sá sem ekki þarf að taka tillit til annarra en sjálfs sín getur gíst þar sem honum líkar best, borðað hvar sem honum sýnist og jafnvel hoppað upp í næstu lest og farið til annarrar borgar ef sú sem hann lenti í er ekki eins skemmtileg og hann átti von á. Það fylgir því frelsi að vita að enginn er til að hefta þig og allur heimurinn er opin. Auk þess eflir það sjálfstæði og sjálfstraust

að finna og vita hversu auðveldlega þú leysir úr öllum þeim vandamálum sem upp koma og að þú getur fundið út úr öllu á eigin spýtur.

Ný kynni hefjast

Fyrir utan þetta er alltaf sá möguleiki að gefa sig á tal við aðra, stundum aðra einstaklinga en þess á milli hópa fólks. Þannig skapast oft ný vinátta eða ómetanlegar upplýsingar fást um staðinn. Stundum er fólk líka opnara fyrir nýjum uppgötvunum og stígur frekar út fyrir þægindarammann þegar það er eitt á ferð. Vinkona mín var ein á ferð í Asíu og gaf sig á tal við nokkrar konur sem biðu eftir áætlanarbíl. Þær sögðust vera á leið á blómasýningu í þorpi í nokkurri fjarlægð. Hún ákvað á staðnum að taka rútuna með þeim og sá ekki eftir því. Nokkru síðar var sama kona á ferð um Ítalíu og var sagt að króatísku eyjarnar væru ævintýrlega fallegar. Það þurfti ekki meira, hún fann leið til að heimsækja þær. Ef hún hefði verið á ferð með eiginmanni sínum, börnum og eða vinum í það sinnið hefði þetta verið mun flóknara í framkvæmd. Að lokum má svo benda á að stundum snúast ferðalög um að rækta áhugamál sín. Það er ekki alveg víst að ástvinir þínir hafi sömu ástríðu fyrir golfi, matreiðslu, jóga eða fjallgöngum og þess vegna er stórkostlegt að allir geti notið þess að ferðast þegar þeir vilja og á þann stað sem freistar mest.

Konur sem ferðast einar

Lengi vel var talið algjörlega óhugsandi að konur ferðast einar. Þær væru með því að bjóða hættunni heim. Ræningjar og aðrir misindismenn ættu auðvitað greiða leið að varnarlausum konum og nokkuð öruggt að þeir myndu notfæra sér það



Isabelle Eberhardt

■ Þegar ferðalög komumst í tisku meðal milli- og hástétta Evrópu á níftjándu öld voru karlmenn í miklum meirihluta þeirra sem lögðu land undir fót. En inn á milli voru hugrakkar, framsækna konur fullar af ævintýraþrá sem neituðu að láta tíðarandann stöðva sig. Isabelle

Eberhardt ferðaðist þvert yfir Sahara-eyðimörkina dulbúin sem karlmaður og Mary Henrietta Kingsley fór um alla Vestur-Afríku íklædd hvalbeinakorseletti

„Isabelle Eberhardt ferðaðist þvert yfir Sahara-eyðimörkina dulbúin sem karlmaður.“

því ekki tjóaði að slá af kröfum um klæðaburð þótt vísindin kölluðu konu til verka. Ef fara á nær okkur í tíma má benda á Nell Stevens en hún skrifaði um reynslu sína af því að búa ein á Falklands-eyjum í þrjá mánuði í Bleaker House, Rebecca Solnit skrifaði nokkrar stórgóðar ritgerðir um ferðir sínar og birti í A Field Guide to Getting Lost og Wild by Nature.





ÚTSALA

20-60% AFSLÁTTUR



CORINNA

**30%
AFSLÁTTUR**

5 SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI,
STEYPTIR KANNTAR, EINSTÖK ADLÖGUN,
MJÖG GÓÐ ÞYNGDARREIFING

140X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
79.297 KR.
AFSLÁTTUR 113.282 KR.

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
100.125 KR.
AFSLÁTTUR 143.036 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
124.537 KR.
AFSLÁTTUR 177.537 KR.

STÓLAR OG SÓFAR Á
**30-60%
AFSLÆTTI**

**30-40%
AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM**



DAISY

SVÆÐASKIPT, STYRKTIR KANNTAR

**35%
AFSLÁTTUR**

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
71.721 KR.
AFSLÁTTUR 110.340 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
96.371 KR.
AFSLÁTTUR 148.181 KR.

Bjóðum
12 mánaða
vaxtalaus
kreditkortalán.

rekkjan
HEILSURÚM

„Byrjið á að fara styttri ferðir og þá til staða þar sem þið búist ekki við miklum vandræðum.“



Mary Henrietta Kingsley

Konur sem ferðudust einar

Ótal fleiri slíkar konur mætti nefna, m.a. landkönnuðinn Sarah Marquis sem lengst af starfaði fyrir National Geographic og ferðaðist vítt og breitt um veröldina á vegum vinnunnar. Þær eru og hafa alltaf verið á meðal okkar þessar konur. Sumar reknar áfram af vísindalegum áhuga, aðrar þrá upplifun og enn aðrar eru í leit að sjálfum sér, eins og Elizabeth Gilbert í Borða, biðja, elska og Cheryl Streyed í Villt. Núna, þegar konur hafa öðlast



Sarah Marquis

vald yfir eigin lífi og fjármunum, þegar þær hafa val um hvenær og hvort þær giftast, fer sá hópur kvenna vaxandi sem kys að fara að dæmi svona frumkvöðla og skipuleggja sín ferðalög sjálfur óháð því hvort einhver annar er á sömu leið.

„Mary Henrietta Kingsley fór um alla Vestur-Afríku íklædd hvalbeinakorseletti.“

Nokkur góð ráð fyrir þá sem ætla að ferðast einir

Lesið ykkur vel til um áfangastaðinn áður en þið leggið af stað. Mennt er ávallt máttur og því meiri þekkingu sem fólk hefur á aðstæðum, þeim mun líklegra er að allt fari að óskum.

Skapið ykkur vettvang

Margir sem ferðast einir halda dagbækur að hætti landkönnuða fyrri tíma. Nú á dögum rata þær oft á Netið. Þar eru birtar frásagnir af ævintýrum ferðalangansins og myndir. Svona ferðablogg njóta mikilla vinsælda og að tengjast fylgjendum sínum í hvert sinn sem bætt er við bloggið getur verið mjög gefandi. Í þessu er einnig falið ákveðið öryggi. Allur heimurinn veit hvar þið eruð stödd daglega eða á nokkurra daga fresti. Það sem þið hafið að segja getur svo gagnast þeim sem feta í fótspor ykkar.

Verið viss um að þið viljið í raun ferðast ein

Það hentar ekki öllum að vera einir á ferð. Sumir finna fyrir einmanaleika og ótta. Verið þess vegna viss um að þið séuð undir það búin að vera ein. Til að undirbúa tilfinninguna farið ein á söfn, veitingahús og ferðamannastaði í eigin heimalandi áður en þið haldið af stað.

Ýmsum reynist vel að hafa með sér bók eða iPad til að kíkja á meðan beðið er eftir matnum eða grípa til ef þeir finna fyrir óþægilegu augnaráði.



Veljið áfangastaðinn vel

Byrjið á að fara styttri ferðir og þá til staða þar sem þið búist ekki við miklum vandræðum, til dæmis landa líkum ykkar heimalandi og þar sem þið getið gert ykkur skiljanleg. Ef vel tekst til er ekkert mál að láta draumana rætast og skella sér til Nepal, Bólvívu eða Ghana.

Takið ekki hvaða ráðum sem er

Ráðleggingar annarra geta verið gagnlegar en stundum eiga þær alls ekki við í ykkar tilfalli. Takið öll ráð sem gefin eru í góðri trú til yfirvegunar en staðreynið þau og notið aðeins þegar þið eruð viss um að þau passi ykkur.

Finnið ykkar útgangspunkt

Margt fólk ferðast í ákveðnum tilgangi. Mataráhugi rekur suma áfram, ást á listum og menningu aðra en sumir njóta þess best að reika um og upplifa andrúmsloftið. Finnið ykkar þema og byrjið hverja ferð þar.

Veljið gistaðinn af kostgæfni

Það er alltaf gott að hvílast vel. Auk þess er gott að geta dregið sig í hlé eftir langan dag á ferðalagi og notið þess að slaka á í einrúmi. Ef þið hafið ekkert á móti félagsskap og ýmsum óþægindum sem fylgja því að sofa í herbergi með mörgum öðrum má að sjálfsgöðu bóka hostel en ef ekki má til dæmis skoða www.slh.com þar sem finna má lítil lúxushótel um allan heim.



ALÞJÓÐLEGUR SENDIBÍLL ÁRSINS 2019*

OPEL COMBO

- ✓ Allt að 18 punkta akstursaðstoð
- ✓ Allt að 1.000 kg flutningsgeta
- ✓ Allt að 4,4 m³ hleðslurými¹

Verð frá:

2.411.290 kr. án vsk.

Verð frá 2.990.000 kr. með vsk.



*www.van-of-the-year.com/winners.html

¹Combo Cargo XL með niðurfellanleg farþegasæti og opnanlegt milliskilrúm. Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

benni.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Bilhitá
Benna

Menningarnótt

Gourmet

TILBOÐ!

Grillaðar

LAMBALUNDIR

3.990 kr.

Gildir föstudag til sunnudags



Bættu við desert!

Heimalagaður ís, jarðarber
ávaxtaoulis og rjómatoppur

1.190 kr.

Happy hour

kl. 16-22 á bjór
og léttvíni

KRINGLU

Stofnuð

1. mars 1989

KRÁIN

HEILSÁRS- YFIRHAFNIR

frá 29,900 kr.

Vind og vatnsvarðir, góð útöndun, (vottað gæðaeftirlit)



Fylgdu okkur á Facebook



Afþreying

KROSSGÁTA

 MYND: HAMON JP. (CC BY-SA 3.0)		MINNKA	DRAUGUR		ELDURINN	ÚR HÓFI	BÓK	LITLAUS		SMÁMJAKA	DUGNABUR
	BRODD- BORGARI										
	SVÖRD			MJÓLKUR- VARA TELPU					SPRIKL LANG- SAMLEGA		
	OFSI					ÖNDUNAR- FÆRI AFKVÆMI					
	NAFNBÓT						SAGGI KÝRAUGA				
	GARÐI		ÁGÆTIS BULLA					ÁTT ÍÐINN			EIGA HEIMA

	↓	DRÁPS- TÆKI	FRÁ	ADALS- TITILL				AFAR ÖBUNDIÐ MÁL			ÁFLOG
KÖS						BÓNUS ÖRVERPI				GYLTU BJARTUR	
SKARÐ				TÍU DRIFINN				HLUTVERK VAFRA			
HRÖP			MADUR REIÐI- HLJÓÐ			ANDÚÐ SKJÖN					UNDIR- EINS
YNDI				GÆTA ARINN				MERKI BERA AÐ GARÐI			
		TÓFT PEGJANDA- LEGUR				VELLIDAN LÍKBRÁ			NÍÐUR STAGL		
EFTIRRIT				HÆTTA AÐ		SMÁBYLI SÝTA			GUÐ YRKJA		
SLÁ			TÖNN KVÍSL			VERKFÆRI GÍMALD					SVÖRÐUR
SKÖMM				ÆSINGUR KVK NAFN				SNÍKILL VERKFÆRI			
BLEKKING			POLA SRÍÐNI					SJÁÐU SKYLDIR			STEFNA
ANGAN					PILA				HYGGJA		
TÝNA					TUNNA			KAPPSAMT			

Létt				Miðlungs				Erfið			
1		5	8		6		2	1	8	2	7
6	9		4			3	7	7		1	6
	4	6	3		2		4				4
			9	5		7	8	9	2		5
		4		4			1	4		6	5
7	1			6	9	3	5	8		2	9
		6	4	1		7	9				
		8	2	4		2		2	9	3	4
2		1	6	5			8	8		9	5

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1
Sigurður Laufdal verður gestakokkur á Slipnum í Vestmannaeyjum dagana 23.-25. ágúst. Á hvaða þriggja stjörnu Michelin-stað vann Sigurður áður?



2
Hver leikstýrir nýjasta myndbandi tónlistarkonunnar Zöe Ruth Erwin?



3
Hvað segir Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari almennt vera lykilinn að minni matarsóun?



4
Hvaða skóli býður upp á stúdentspróf í tölvuleikjagerð fyrstur allra framhaldsskóla á Íslandi?



5
Af hveju vill Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, að borgin loki mötuneytum starfsmanna?

Stoeger

5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Frá og með ágúst 2019
er fimm ára ábyrgð
á öllum STOEGER
haglabyssum

EINHVER MEST KEYPTA HAGLABYSSAN Á ÍSLANDI SÍÐUSTU ÁRIN

Stoeger haglabyssurnar eru framleiddar
í verksmiðju Beretta í Tyrklandi.
Fáar haglabyssur ef einhverjar eru söluhærri
en Stoeger á Íslandi mörg undanfarin ár.

STOEGER M3000

Hálfsjáfvirk haglabysa sem tekur öll skot upp í 3".
Áreiðanlegar haglabyssur búnaðar "inertia" skiptibúnaðinum.
Boltinn er snúningsbolti samskonar og í Benelli og skiptigormurinn
er í framskefti eins og í Franchi byssunum.
Fáanleg í ýmsum útfærslum.

Verð frá 79.900 kr.

*Vit höfum flutt inn og sett
Stoeger síðan 2003.
Fráboer reynsla vit
íslenskar aðstæður.*

STOEGER P3000

Vinsæl pumpa sem tekur öll skot upp í 3".
Plast eða viðarskefti. 26" hlaup. Tekur 2¼" og 3" skot.
Þessi vinsæla pumpa er nú fáanleg svört,
í felulitum eða með viðarskeftum.
Áreiðanleg og góð pumpa á frábæru verði.

Verð frá 58.900 kr.

HAGLASKOT RIFFILSKOT

*Fráboert úrval
- Gótt verð*



*Opit
alla daga*

VEIÐIHORNID



2018

TRAUSTR FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998

SÍÐUMÚLA 8 • SÍMI 568 8410 • VEIÐIHORNID.IS



Hús og híbýli

AFSKORIN BLÓM

Vasast í blómum

Umsjón / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir og María Erla Myndir / Úr safni

Afskorin blóm í vasa lífga upp á heimilið og gaman er að tína villt blóm og setja í falleg ílát. Tilvalið er að leika sér svolítið með blómin, blanda saman villtum, afskornum blómum eða blómum úr garðinum og hugsa út fyrir boxið hvað varðar vasa og framsetningu. Hver segir að blóm þurfi endilega að vera í blómavasa? Hægt er að nota vatnskönnur, fallega bolla eða glös og gamlir tekatlar eða kaffikönnur geta vel hýst frjálsglegan blómvönd á eldhúsborðinu. Ýmsar grænar plöntur og strá geta líka hentað vel í vöndinn. Hér gildir í raun að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Við tókum saman nokkrar myndir af fallegum heimagerðum blómvöndum.



Hvönnin vex við rakan jarðveg og er oftast að finna í nálægð við vötn. Það þarf því ekki að leita langt yfir skammt en hvönnin kemur ótrúlega vel út í vasa.



Sóleyjar gleða alltaf augað, færðu gula litinn og sólina inn á heimilið.



Blómavasar geta verið alls konar - hugsið út fyrir rammann og notið falleg ílát, könnur eða krukkur.



Fingurbjargarblómin vaxa í ýmsum litum, þau verða há og sóma sér vel í fallegum vasa, inni og úti.

„Tilvalið er að leika sér svolítið með blómin, blanda saman villtum, afskornum blómum eða blómum úr garðinum og hugsa út fyrir boxið hvað varðar vasa og framsetningu.“



Lúpínur hafa sjaldan verið vinsælli enda er lúpínubreiður að finna víðast hvar um landið. Lúpínur og kerfill koma vel út saman, einfalt og ódýrt og ósköp fallegt.



Þú ert til ykkar eigin vönd úr því sem náttúran gefur og verið óhrædd við að blanda saman ólíkum blómategundum. Göngutúr og blómatínsla hljómar eins og góð samverustund. Hér má sjá lúpínu, sóleyjar og blásóleyjar saman í vasa. Falleg og góð laus sem lifgar svo sannarlega upp á heimilið.

HÚS OG HÍBYLI

Hús og híbýli er vandað og rótgróið tímarit um íslensk heimili og hönnun.

Tryggðu þér áskrift á mannlif.is/askriftir ★ www.husoghiblyi.is

Sveitarömantek ISLENSK OG ENDURUNNIN

FENGU GAMALT HÚS GEFINS

SPENNANDI SUMARHÚ
TÖFF BÚSTADUR BETTA Í GRÍMSNESINU
GRÖBRSKELL BÚSTADUR Á SUÐURLANDI
ÚTSTYLSPERLA Í BORGARFIRDI



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



Hús og híbýli

Í UPPÁHALDI

Skemmtilega flippað og litríkt heimili

Heimili Áslaugar Snorradóttur ljósmyndara á efstu hæð hússins sem hún fæddist í á Dalbraut endurspeglar vel litríku, hressu týpuna sem hún sjálf er. Við kíktum í heimsókn til Áslaugar og fengum hana til að sýna okkur nokkra hluti sem eru henni kærir.

Texti / Sigríður Elín Ásmundsdóttir
Myndir / Aldís Pálsdóttir



Babúskur, sparistell, lillablár dúkur frá Udaipur á Indlandi en þar er endalaus fegurð og allskonar fineri. Og uppskriftabókin hennar Ölbu ömmustelpu sem er að verða fimm ára í sumar. Alba býr í næsta húsi við Áslaugu ömmu og þær eru miklar vinkonur og bralla ýmislegt saman eins og þessa litlu uppskriftabók sem hún föntraði. Bóka- og matarást ömmunar hefur ef til vill kveikt áhuga litlu ömmustelpunnar á að búa til uppskriftabók?



Áslaugu þykir sérlega vænt um gylltu stjörnulaga sprittkertastjakana sem afti hennar bjó til fyrir brúðkaupið hennar sem var haldið þann 28. desember árið 1991. Stjörnubjartur næturhiminn var þemað í brúðkaupinu ásamt flauelsrauðum lit.



”


Áslaug segist hreinlega elska bækur og tímarit og nóg er af hvoru tveggja á heimili hennar. Hún hefur myndað fyrir margar matreiðslu- og ferðabækur um Ísland og til að mynda komu út þrjár bækur í Þýskalandi nýlega sem Áslaug myndaði fyrir. Við getum kallað þetta bókaaltarið hennar Áslaugar þar sem hringlaga fimm arma kertastjaki með hangandi jólakúlu, glös og skrautmunir poppa upp stemninguna.



Bláa borðið í stóru borðstofustofunni. Stór landslagsljósmynd eftir Pál Stefánsson og minni ljósmynd sem Áslaug tók af sundkonu með flothettu en sjálf á Áslaug tvær slíkar og segist elska flothettusund sem sé slakandi og endurnærandi. Dýrahausarnir tveir koma frá Mumbai, rétt við hverfið þar sem bíómyndin Slumdog Millionaire var tekin upp.



Áslaug Snorradóttir við hvítt tré sem hefur staðið í stofunni síðan árið 2007. Þetta tré og fleiri voru borðskreytingar á góðgerðasamkomu Fiðrildahátíðar UNIFEM. Heiða Magnúsdóttir hannaði og lét útfæra þau og hvert tré var tileinkað gyðju. Þar sá Áslaug um matseðilinn. Forsnakið var til að mynda gull á súkkulaði og kampavinsglas, svo egg á engi og alls konar réttir sem Dóra Svavarsdóttir kokkur útfærði ásamt liði snilldarkokka. Áslaug fékk að eiga þetta tré og þykir mjög vænt um það og minninguna sem því tengist.



Blómamyndin er eftir ömmu Áslaugar sem er henni kær.

Flottar ljósmyndir eru í miklu uppáhaldi hjá ljósmyndanum sjálfum og þarna standa þrjár myndir eftir ljósmyndara sem Áslaug heldur mikið upp á.

Áslaug og Helga Björnsson tískuhönnuður eru að kokka saman hugmyndir þar sem þær hyggjast leiða saman hesta sína og sköpunarkraft í verkefni sem er enn háleynilegt en við munum vonandi sjá verða að veruleika fyrr en síðar. Á bláa sófanum eru skissur þeirra beggja sem er grunnurinn að þessu samstarfi.



EIGUM TIL
4 STÆRDIR OG
TVO LITI AF LOKUM
Á KR. 58.500,-



ÝMSAR STÆRDIR
AF INNRAUÐUM
SAUNAKLEFUM Á LAGER.
VERÐ FRÁ KR.
180.500,-

Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Hildur hannar fyrir IKEA

Hildur Sigurðardóttir er grafískur hönnuður sem starfar hjá Reykjavík Letterpress.

Hún hefur hannað nýjar vörur fyrir IKEA sem nú eru fáanlegar. Vörurnar sem Hildur hannaði eru skemmtilegar og litríkar minnisbækur ásamt smáhirslu og tilheyrta þær Lankmoj-línunni.



Blómakanna sem punt?

Flott hönnun frá Ferm Living

Plöntuæði, sem ekki sér fyrir endann á, hefur herjað á landann, enda getur það bæði lifgað upp á heimilið og bætt andrúmsloftið að bæta lifandi plöntum eða blómum inn til sín. Það þarf þó að sjá til þess að plöntunum líði vel og vökva þær reglulega. Þessi látlaus blómakanna hefur bæst í safn stílhreinna og fagurra hluta frá Ferm Living. Nett kanna sem rúmar um tvo lítra af vatni. Hún má standa uppi á hillu eða úti í glugga að okkar mati, svo falleg og tímalaus er hún.

6

ÁHUGAVERÐAR STAÐREYNDIR UM

Andy Warhol



Andy Warhol er álitinn vera brautryðjandi popplistar og er einn af þekktustu listamönnum 20. aldar.

1 Foreldrar Andy Warhols voru innflytjendur frá Slóvakíu en hann var yngstur þriggja bræðra.

2 Hann breytti nafni sínu eins og svo margir listamenn, þó einungis um einn staf. Hann tók a-ið aftan af ættarnafninu og hét því Warhol í stað Warhola.

3 Listamaðurinn hafði dálæti á skærum frumlitum sem hann notaði mikið í listaverk sín. Uppáhaldslitir hans voru rauður, gulur og blár en hann notaði þá oft saman.

4 Andy Warhol tók upp nánast allar samræður sem hann átti við fólk og stundum kallaði hann upptökutækið eiginkonu sína en Andy var samkynhneigður.

5 Árið 1968 var Andy Warhol skotinn í líkamann af öfgafullri konu en hann hafði hafnað handriti sem hún hafði skrifað. Hann lifði árástina af en þurfti að fara í margar aðgerðir og varð að ganga í lífstykki alla ævi.

6 Andy dó ungur, eða 58 ára að aldri, en hann fór í hjartastopp þegar hann var í aðgerð. Læknirinn sem skar hann upp, Björn Þorbjarnarson, var yfirlæknir á New York Hospital á þessum tíma. Þess má geta að hann er móðurafi Andra Snæs Magnasonar rithöfundar.



Eitt & annað

Nokkrir töff hlutir sem gætu poppað aðeins upp heimilið.

1. Formfagur blómapotur. Linan, 13.800 kr.
2. Hengikertastjaki frá Ferm Living. Epal, 10.950 kr.
3. Röndótt, lítið handklæði frá Marimekko. Epal, 2.950 kr.
4. Smart standlampi frá VIPP. Epal, 67.200 kr.
5. Töff taska fyrir sumarið. Zara, 6.995 kr.
6. Hilla (91x75 cm). ILVA, 15.900 kr.
7. Plöntustandur. ILVA, 5.995 kr.
8. Púði. Heimili og hugmyndir, 28.500 kr.
9. Ljósbleik skál. Epal, 7.200 kr.
10. Leirvasar. Heimili og hugmyndir, 21.900 kr. (stk.)
11. Lekker kaffikanna frá Stelton. KOKKA, 9.800 kr.
12. Kolsvartur og töff skenkur. Linan, 155.800 kr.
13. Rendur við útidyrnar. Epal, 11.300 kr.

ÞÚ FINNUR ALLT FYRIR
ÁHUGAMÁLIN HJÁ OKKUR



/ Borðtennis / Bridge / Fótboltspill / Pílukast / Biliard / Póker / Þythokki /

h

Hús og híbýli

HÖNNUN

Poul ásamt hönnun sinni, Artichoke-ljósinu og PH-loftljósinu frá 1925. Veitingastaðurinn við Langelinie þegar hann var opnaður árið 1958.



ÞYKIR
framleiðsluvæn
hönnun
hallærisleg?



Eftir
Siggu Heimis
vöruhönnuð

■ Það ætlar að verða lífseig myta að hönnun þurfi annaðhvort að vera listrænt, háfleygt og stórmerkilegt fyrirbæri eða hrá, iðnaðarleg fjöldaframleiðsla. Hér á landi þykir ekki hægt að blanda þessu saman þó svo frændur okkar í Danmörku og Svíþjóð geri það ljómandi vel.

Hönnunarnám hérlendis gengur alfarið út á að styðja fyrri tegund hönnunar þó svo að blessunarlega sé tækniumhverfið okkar að sækja í sig veðrið og hönnun tengd því

að eflast. En betur má ef duga skal og er löngu kominn tími á hugarfarsbreytingu á kennsluskrá hjá okkar eina háskóla Íslendinga í hönnun, Listaháskóla Íslands.

Ég hef rekist harkalega á þetta í leit minni síðustu mánuði að íslenskum framleiðsluvænum minjagripum. Ferðamannaiðnaðurinn býður upp á fjölda atvinnutækifæra og kaupvilji ferðamanna er töluverður eins og Íslendingar þekkja vel. Sorglega lítið er um hugvit og þróun í þessum geira svo ég vildi skilja af hverju það væri. Ég komst að því að áhugi viðurkenndra hönnunarstofnana á söluvænni eða commercial-hönnun er enginn. Ef skoðuð eru þau verkefni sem hampað er erlendis sem íslenski hönnun þá eru það einungis listræn, frekar óræðin verkefni sem eru kynnt. Þau verkefni eru oft og tíðum stök og gerð í mjög litlu upplagi.

Skoðum til dæmis fjölmiðlaumfjöllun um síðasta Hönnunarmars. Þar eru verkefni fremst á blaði sem vega salt á milli að vera list og hönnun. Sérstök verkefni með djúpan tilgang, sem oft vefst fyrir almennum áhorfanda og eru sömuleiðis oft torskilin. Enginn er að segja að slík verkefni hafi ekki rétt á sér en það er rangt að hampa einungis þannig verkefnum og sýna ekki einnig heiðarlega hversdagshluti hannaða af íslenskum hönnuðum.

Dæmi um það er t.d. íslenskt matarsalt eða flothetta sem bæði tilheyra okkar mat og lífsstílskúltúr.

„Mér sýnist flestir íslensku þátttakenda vera með mjög listræna nálgun í sínum verkum og mér finnst vanta sárlega tenginguna við daglegt líf.“

Það er mikilvægt að sýna breidd í umfjöllun og hönnun sem er líklega eitt það fag sem fer hvað víðast. Mikilvægi hönnunar fer vaxandi og hún er notuð í alls konar samhengi; sem aðferðarfræði og vinnutækni til beinhardrar vöruhönnunar.

Í september taka íslenskir hönnuðir þátt í samsýningu í London. Í kynningartexta sýningarinnar segir að markmiðið sé að sýna stöðu hönnunar í ólíkum löndum og það áhugaverðasta sem er að gerast á hverjum stað.

Mér sýnist flestir íslensku þátttakenda vera með mjög listræna nálgun í sínum verkum og mér finnst vanta sárlega tenginguna við daglegt líf. Og ég neita að trúa því að þetta sé það áhugaverðasta sem Ísland býður upp á. Í sannleika sagt þá tengi ég margt af því sem þessir hönnuðir gera við hollenska hönnun frekar en íslenska. Og ég tel þetta vera lítinn hluta af því áhugaverðasta því það vantar mörg púsl í myndina til að sýna veruleika íslenskrar hönnunar.

Við eigum endalause uppsprettu af hugmyndum og nytjahlutum sem tengjast landinu okkar og menningu og það er kominn tími til að hvetja fólk til að tina til þær hugmyndir, nýta okkar frábæra hugvit og þróa.

Það er löngu tímabært að sjá samhengi atvinnutækifæra og hönnunar og hætta að lofsyngja merkilegheitin í kringum listrænu hlið þessa frábæra fags.

Spennandi

Endurmenntun HÍ stendur fyrir námskeiði í haust sem ber titilinn, Arkitektúr á Íslandi í 300 ár - hönnun, menning og pólitík. Sjá www.endurmenntun.is

Áhugafólk um heimili og hönnun og allt sem henni viðkemur hefur ærna ástæðu til að gleðjast því næsta tölublaði Húsa & híbýla. Hugmyndablaðið *svokallaða, kemur út fimmtudaginn, 29. ágúst.*

Safnbúð Listasafns Íslands hefur staðið fyrir útgáfu á lista-verkplakötum sem fegra veggi heimilisins. Í tilefni af Menningamótt verða vörur búðarinnar á pop-up-markaði í safninu við Fríkirkjuveg 7. Sjá www listasafn.is


Hönnunarsafnið stendur reglulega fyrir fyrirlesturum, námskeiðum og vinnustofum. Næst er Denver Dýfa í tengslum við sýninguna Borgarlandslag, þar sem Tristan Elizabeth Gribbin býður gestum í dýfu til Denver ásamt hugleiðsluferðalagi. Sjá www.honnunarsafn.is

Ljósíð sem breytti sögunni

Artichoke-ljósíð olli straumhvörfum í hönnun þegar það kom fyrst fyrir sjónir almennings.

Artichoke-ljósíð sem er hannað af Poul Henningsen kom fyrst á sjónarsviðið árið 1958. Fram að því hafði almenningur lítið á lýsingu eingöngu sem birtugjafa en óhætt er að segja að Artichoke hafi brotið blað í hönnunarsögunni. Ljósíð var upphaflega hannað fyrir veitingahúsið í Langelinie pavillon en skammt frá Litlu hafmeyjunni í Kaupmannahöfn en bygging útsýnisskálans átti sér langan aðdraganda.

Við Löngulínu hefur staðið útsýnisskáli allt frá árinu 1884 þegar upphaflegi skálinn var byggður. Á efri hæðinni var aðstaða fyrir Konunglega danska siglingaklúbbinn en á neðri hæðinni veitinga- og kaffihús. Árið 1901 var skálinn rifinn og nýr og stærri skáli byggður sem þjónaði sama tilgangi og varð hann strax mjög vinsæll viðkomustaður borgarbúa. Sá skáli var hins vegar sprengdur í loft upp í heimsstyrjöldinni síðari og var skeggrætt um í tíu ár eftir að stríðinu lauk hvort byggja ætti nýjan skála sem nákvæma eftirmynd þess gamla eða byggja nýjan í takt við nýjar stefnur og strauma í arkitektúr eftirstrísáranna. Niðurstaðan varð



Texti
Stefanía
Albertsdóttir

sú að efnt var til hönnunarsamkeppni árið 1955 um byggingu nýs skála þar sem arkitektum var gefið fullt listrænt frelsi til þess að koma með nýjar hugmyndir.

Arkitektarnir Eva og Nils Koppel, sem höfðu meðal annars starfað saman á teiknistofu Alvar Aalto í Finnlandi áður en þau stofnuðu sína eigin stofu í Kaupmannahöfn, báru sigur úr býtum. Byggingin var hönnuð í anda ameríska módernismans og Mies van der Rohe. Eftir sigurinn í samkeppninni höfðu Eva og Nils samband við Poul Henningsen og báðu hann um að hanna ljós sérstaklega fyrir veitingahús útsýnisskálans en Poul var þegar orðinn þekktur fyrir hönnun sína á PH-loftljósinu frá árinu 1925. Eftir þriggja mánaða hönnunarsögun og tilraunir leit Artichoke dagsins ljós og var nýja bygging þeirra Evu og Nils opnuð í febrúar 1958.

Artichoke-ljósíð líkist ætíðastíli á hvolfi og dregur það nafn sitt af því en Poul vildi líka að ljósíð nyti sín á daginn þegar ekki væri kveikt á því. Hann hugsaði því ljósíð sem nokkurs konar skúlptúr sem setur sterkan svip á rýmið sem því er ætlað. Var þetta alger nýlunda á þessum árum að tefla saman notagildi og list á þennan hátt. Ljósíð var upphaflega hannað úr kopar og samanstendur það af 72 laufum þar sem hvert og eitt lauf er handgert.

Ljósaperan sjálf er falin frá öllum hliðum til þess að minnka sjónrænt áreiti. Efnisvalið var ekki handahófskennt heldur vildi Poul ná fram mjúkri og hlýrri bleiktóna birtu sem gerði matarupplifun gestanna sem besta en einnig vildi hann skapa notalega stemningu án þess að trufla magnað útsýnið frá veitingastaðnum yfir Eyrarsundið.



NÝ HAUSTVARA

ÚTSÖLULOK

Verðdæmi

MOS MOSH gallabuxur	verð 16.980 Verð nú 5.094
LEBEK frakki	verð 19.980 Verð nú 3.996
BITTE KAI RAND stakur jakki	verð 29.980 Verð nú 8.994
Apanage kjóll	verð 22.980 Verð nú 4.596
LEBEK bolur	verð 6.980 Verð nú 2.094

**70-
80%**
afsláttur

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjáhrafnhildi.is

Karlrembulegt viðhorf kveikti neistann

Katrín Björgvinsdóttir er ungur leikstjóri á uppleið. Hún útskrifaðist úr danska kvikmyndaskólanum Den Danske Filmskole í vor og hefur fengið frábæra dóma í þarlandum fjölmiðlum fyrir lokaverkefni sitt *Dronning Ingrid* eða *Ingrid drottning*. Katrín segir viðbrögðin hafa komið skemmtilega á óvart því hún hafi, satt best að segja, ekki átt von á að saga ungrar konu í tilvistarkreppu myndi höfða til jafnbreiðs hóps áhorfenda og raun ber vitni.

Texti / Roald Eyvindsson



Það er frábært að fá þessi jákvæðu viðbrögð. Ég var sjálf mjög ánægð með útkomuna en reiknaði ekkert endilega með því að þetta kæmi til með að falla í kramið hjá öllum. Þetta er nefnilega einföld saga um hversdagslegar og frekar privat tilfinningar og ég var búin að ímynda mér að viðfangsefni myndi tala mjög skýrt til einhverra áhorfenda en að aðrir kynnu að afskrifa það sem eitthvað sem skipti engu máli.

Lokaverkefnið, *Dronning Ingrid*, fjallar að sögn Katrínar um Ingrid, „stelpukonu á fertugsaldri“ eins og hún orðar það, sem er ekki alveg á þeim stað í lífnu sem hún hefði viljað vera. „Hún hefur verið einhleyp síðan hún var 17 ára, vinnur í undirfataverslun og þegar hér er komið við sögu eru foreldrar hennar að skilja. Hún byrjar að átta sig á að hún er kannski ekkert sérstök eða öðruvísi en allir hinir og langar í rauninni bara til þess að eignast kærasta og byrja fullorðinslífið. Það reynist svo hægara sagt en gert fyrir stolta og sjálfstæða „stelpu-konu“ sem neitar að gera málamíðlanir eða virka örvæntingafull og auk þess undir sífellt meiri pressu frá líffræðilega tikkinu í leginu, að finna ástina.“

„Svo biluð afstaða“

Spurð hvernig hugmyndin að sögunni hafi kviknað segist Katrín einfaldlega hafa viljað gera sögu sem fjallaði á heiðarlegan og afhjúpanandi hátt um ástina, öll vonbrigðin og óruggið, allan anti-klímaxinn eiginlega. Sérstaklega fyrir konur sem eru komnar yfir þrítugt og eiga erfitt með að átta sig á því hvað þær vilja og upplifa að tíminn sé að hlaupa frá þeim. „Mig langaði að fara svolítið í burtu frá þessari ævintýrlegu, örlagaríku og eiginlega ómögulegu mytu sem helst svo oft í hendur við okkar hugmyndir um ástina og taka svolítið „real-talk“; upplifum við þetta raunverulega svona og ef við eigum það mörg sameiginlegt að vera svolítið vonsvikin yfir að hafa ekki fengið að upplifa þessa jarðskjálfta-ást, eigum við þá ekki að breyta því svolítið hvernig við tölum um það og byggjum upp væntingar okkar?“

Hún bætir við að ákveðið atvik í skólanum hafi átt þátt í því að þetta umfjöllunarefni varð fyrir valinu. „Já, það var svolítið sem einn kennarinn sagði um mynd sem bekkjarsystir mín gerði á fyrsta ári. Myndin snerist um mjög kvenlega sögu, hún fjallaði sem sagt um stelpu sem þurfti að taka ákvörðun um eitthvað sem tengdist leginu í henni og kennarinn



Mynd Katrínar, *Dronning Ingrid*, hefur fengið frábæra dóma í dönskum fjölmiðlum, en hún verður sýnd í *Bió Paradís* í dag klukkan 16. Myndin er með enskum texta.

”

„Kennarinn hélt því fram að hann og strákarinn í bekknum ættu erfitt með að tengja við tilfinningar hennar því þeir vissu ekki hvernig væri að vera með leg.“

hélt því fram að hann og strákarinn í bekknum ættu erfitt með að tengja við tilfinningar hennar, því þeir vissu ekki hvernig væri að vera með leg. Þetta er svo biluð afstaða,“ segir hún, „og svo lýsandi fyrir það hvernig við upplifum karlkaraktera „versus“ kvenkaraktera. Konur þurftu fyrir löngu að læra að tengja við sögur um karla eftir karla, á meðan sögur um konur eftir konur eru oft stimplaðar sem „konumyndir“ eða „konu-sögur“ sem eru þá bara fyrir konur og þykja ekkert sérstaklega merki- legur pappír. Þetta kveikti einhvern eld í mér og í algjörum mótþróa fékk ég einhverja löngun í að virkilega kafa ofan í allt þetta kvenlega. Að gefa skít í að allir þyrftu að skilja, að einhvern veginn senda þau skilaboð að strákunum er alveg boðið en bara ef þeir nenna að opna aðeins hugann og sjá konur sem söguhetjur sem eru „relevant“ og spennandi.“

Hún segir að það hafi því óneitanlega verið góð tilfinning þegar lokaútgáfa myndarinnar var tilbúin að upplifa það að sagan í henni skyldi höfða til alls konar fólks, allt frá stelpum sem eru í sömu sporum og aðalpersónan Ingrid til miðaldra giftra karla. „Nokkrir af þeim komu til mín til að segja mér að sagan hefði hreyft við þeim og þeir hefðu tengt við aðalpersónuna á einhverju tilfinningalegu „leveli“,“ segir hún ánægð og bætir við að það sé góð þróun að það sé alltaf að verða auðveldara og auðveldara fyrir áhorfendur, sama af hvaða kyni þeir eru, að tengja við kvenkaraktera með kvenlegar tilfinningar.

Skiptist á myrkum leyndarmálum við handritshöfundinn

Dronning Ingrid er lokaverkefni Katrínar í skólanum, hugsað sem prufuþáttur (pilot) fyrir þáttaseríu og hún viðurkennir í fullri einlægni að það hafi bæði verið strembið og skemmtilegt að gera það. „Ég var heppin að kynna mjög færur handritshöfundur í skólanum og vinna með henni að bæði stóru verkefni á öðru og þriðja ári og svo að þessari mynd. Við náðum að nýta tímann í skólanum vel, urðum góðar vinkonur

og byrjuðum í framhaldinu að segja hvor annari alls konar myrk og „skammarleg“ leyndarmál og þróuðum aðferð til að skrifa persónulegar sögur sem byggja á tilfinningum og upplifunum sem við þekkjum sjálfar vel. Þetta hjálpaði okkur með að dansa á einhverri línu á milli raunsæis og skáldaðrar dramatíkur, halda efninu trúverðugu en um leið spennandi. En svona ferli er auðvitað alltaf erfitt,“ bætir hún við. „Við breyttum til dæmis allri sögunni í *Dronning Ingrid* mjög seint og þurftum að vinna nýja söguþráðinn hratt og örugglega til þess að ná að hafa skothelt handrit fyrir tókur. Þegar maður er að vinna á svona litlum drama-skala þarf hvert einasta móment að vera alveg gríðarlega nákvæmt og satt og það getur tekið svolitinn tíma að grafa nógu djúpt, alveg niður að kjarnanum.“

Vinnur að þáttum upp úr sögunni

Eins og fyrr segir er *Dronning Ingrid* prufuþáttur og Katrín er þegar byrjuð að vinna að þáttum sem munu byggja á sömu hugmynd. „Núna er ég sem sagt að þróa hugmyndina áfram og búa til „konsept“ sem er hægt að kynna fyrir áhugasömum fjárfestum,“ upplýsir hún spennt. „Ég er að vinna þetta með sama handritshöfundur og svo framleiðanda úr skólanum. Það kemur síðan bara í ljós hvað kemur út úr því. Svona hlutir geta náttúrlega tekið langan tíma. Maður þarf að búa sig undir að allt og ekkert geti gerst og í raun bara vona það besta.“

Hún kveðst vera spennt fyrir því að reyna að koma sér áfram í danska kvikmyndabransanum enda sé mikil gróska í gangi, mikil framleiðsla og metnaður til dæmis í gerð sjónvarpsefnis og margir möguleikar „Ég er samt líka spennt fyrir því að vinna á Íslandi,“ tekur hún fram. „Fá tækifæri til að gera efni á mínu eigin tungumáli og með öllu því hæfileikaríka tókuliði sem er starfandi á Íslandi. Ég hef nefnilega fundið það síðustu fjögur ár að það eru alls konar séríslenskar sögur sem blunda í mér og ég verð að fara að koma frá mér.“



Katrín Björgvinsdóttir leikstjóri. Mynd / Stephanie Staal.

Svanurinn á tilboði*

FRITZ HANSEN

HÖNNUN: ARNE JACOBSEN

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Verð: 449.000.-

Tilboðsverð: 379.900.-



* Tilboðið gildir frá 1. maí - 1. september 2019 · Áklæði: Christianshavn - 26 möguleikar á litum



Albumm

TÓNLIST

Texti / Steinar Fjeldsted



Kláraði 9. og 10. bekk á sama tíma til að komast til Ítalíu

Hin 15 ára gamla **BIRNA**, lagasmíður og söngkona frá Hveragerði, var að gefa út sitt fyrsta lag en hún samdi bæði lag og texta sjálf.

Lagið heitir Cantiamo sem er ítalska og þýðir dónsum en BIRNA er á förum til Ítalíu sem skiptinemi og mun dvelja næstu tíu mánuði á Sikiley þar sem hún ætlar að syngja „cantiamo – balliamo“ fyrir Ítali.

Lagið byggist á gítarstefi sem BIRNA samdi á síðasta ári þegar hún fór í nokkra einkatíma til tónlistarkonunnar LayLow til að læra lagasmíðar og upptökustjórn. LayLow hjálpaði BIRNU að semja stefið og benti henni á að taka það upp. Í kjölfarið gerði hún lagið og að lokum textann „Textinn er mjög persónulegur, en hann er í aðra röndina kveðja til tilverunnar á Íslandi og útskýring á því af hverju ég vil prófa nýtt umhverfi til að þroskast sem manneskja.“

Hugmyndin að Ítalíuförinni kom upp fyrir rúmu ári og hún spurði þá foreldra sína hvort þetta væri möguleiki. Hún var þá í 9. bekk og foreldrar hennar sögðu að hún mætti fara ef hún myndi þá klára 10. bekk með 9. bekknum – héldu þá að þeir væru búnir að afgreiða málið þar sem hún var þá þegar hálfnuð með 9. bekk. En BIRNA kláraði þetta allt, útskrifaðist úr grunnskóla í vor og er á leiðinni í ítalskan framhaldsskóla.

Lagið heitir Cantiamo, er komið á Spotify og auðvitað inn á albumm.is.

Subminimal með ambient-plötu

Möller Records gaf nýlega út plötuna **Intemperie** með raf-tónlistarmanninum **Subminimal**. Intemperie er í senn sveim- og tilraunakennd plata en hún inniheldur upptökur af lífandi sveimtónlist þar sem Subminimal skapar sinn einstaka hljóðheim með hljóðsörpum, hljóðgervlum og rafmagnsgítar.



„Inngróinn partur af mér að berja á gítarinn“

Ekki hringja í nótt, er nýjasta lagið hans **Joseph Muscat** eða **Seint** en hann hefur verið lengi í tónlistinni, meðal annars í nokkrum harðkjarnahljómsveitum. Þegar Joseph fjárfesti í sinni fyrstu fartölvu árið 2009 kviknaði áhuginn hjá honum að búa til raftónlist. Albumm hittu á kappann og fékk að forvitnast um hvernig allt þetta byrjaði.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Brynjar Snær



Joseph Muscat eða Seint byrjaði í rokkinu en hefur nú bætt raftónlistinni við.

Ég hef verið í metal og harðkjarnanum síðan árið 2003. Þá byrjaði ég að spila á bassa í metal-hetjuhljómsveitinni Brothers Majere sem tók þátt í Músiktilraunum árið 2004. Það var árið sem Mammút sigraði.

Hljómsveitin lagði upp laupana rétt fyrir 2005 og spilaði lokatónleikana í TPM, Tónlistarþróunarmiðstöðinni, þar sem hún fékk að hita upp fyrir eina af uppáhaldshljómsveitum Josephs í harðkjarnanum, Modern life is war. „Það var heiðarlegur dauðdagi fyrir sveitina.“

Úr ösku þeirrar hljómsveitar stofnaði hann Celestine árið 2006. „Hún hefur starfað síðan en með miklum meðlimaskiptum í gegnum árin. Þetta er bara svo inngróinn partur af mér að berja á gítarinn að ég held ég muni aldrei sleppa takinu af honum,“ segir Joseph en hljómsveitin er að vinna að sinni fjórðu plötu og planið er að halda tónleika á næstu mánuðum.

Joseph var svo í goðsagnakenndu harðkjarnahljómsveitinni I adapt árið 2008 og segir hann að sú hljómsveit sé ein ástæða þess að hann ákvað að feta braut tónlistarinnar. „Það var hinn æðsti



„Það var hinn æðsti heiður að hafa fengið að koma fram með henni seinasta hálfu árið sem hljómsveitin var starfandi.“

heiður að hafa fengið að koma fram með henni seinasta hálfu árið sem hljómsveitin var starfandi,“ segir hann. „Hljómsveitin tók ævintýrlegan túr um Bandaríkin og endaði á 500 manna troðfullum lokatónleikum í TPM. Nítján ára ég fékk þennan draum uppfylltan og verð ég ávallt þakklátur fyrir það.“

Úr hugbreytandi efnunum í tebolli

Hvað var það sem fékk þig til að breyta um tónlistarstefnu?

„Minn áhugi á að búa til raftónlist kviknaði árið 2009 þegar ég fékk fyrstu fartölvuna mína. En ég hafði hlustað mikið á hljómsveitir á borð við Nine Inch Nails og Massive Attack og síðan á hipp hopp í bland við það. Plús hugbreytandi efni á þeim tíma

sem höfðu auðvitað áhrif á hversu glaður ég var að prófa nýja hluti. Enda var ég ungur og forvitinn. Í dag er góður tebolli nóg fyrir mig til að koma mér í sköpunargír,“ segir hann og hlær. „En ég rokk-aði alltaf líka og hef sinnt öllum mínum verkefnum í tónlist af jafnmiklum áhuga. Seint kom mun seinna inn í myndina eftir að ég hafði prófað mig áfram í allskonar stefnum,“ útskýrir hann og bætir við að fyrsta platan sem hann gaf út undir því nafni hafi verið á árinu 2015.

Segja má að hljóðheimurinn sem Joseph er búin að skapa sér sé algjörlega sér á báti. Hann segist hafa verið fljótur að finna sig í rokkinu enda aðeins 18 ára þegar Celestine sendi frá sér sína fyrstu plötu sem fékk glimrandi viðtökur um allan heiminn í jaðarsenunni. „Ég var semjandi slík lög á háum skala mjög snemma. Örugglega í svipuðum gir og krakkarnir í hipp hopp og poppinu í dag. Hins vegar tók mig mun lengri tíma að fíkra mig áfram í raftónlistinni þar sem ég var í raun aldrei viss hvað það var nákvæmlega sem ég vildi koma áleiðis.“

Ítarlegra viðtal má finna á albumm.is.

Albumm mælir með




Hip Hop á Miðbakka á Menningarnótt

Hip Hop-hátíðin verður haldin í fjórða skipti á Menningarnótt og nú á **Miðbakka**. Þetta eru einu tónleikarnir á Menningarnótt sem einblína einungis á hip hop-tónlist. Hátíðin hefur verið á mikilli uppleið á milli ára og núna verður engin undantekning þar á. Eftir tvö ár á Ingólfstorgi hefur hátíðin verið færð yfir á Miðbakka þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað í sumar en þar er meðal annars „skatepark“ og körfuboltavöllur.

Karnival á Klapparstíg

Á morgun, laugardag, verður **DJ Margeir** með heljarinnar karnival á Klapparstíg sem hefst klukkan 15 með jógatíma sem **Tómas Oddur** frá Yoga Shala Reykjavík leiðir. Dansinn brýst síðan fram um klukkan 16 og mun duna óslitið fram að flugeldasýningunni, klukkan 23. Þegar karnivalinu lýkur er öllum boðið í eftirpartíð á Kaffibarnum.



Pale Moon og Quest á Vínlyl Bistro



Í kvöld, föstudaginn 23. ágúst, leiða saman krafta sína sveitirnar **Quest** og **Pale Moon** í kolvetnishleðslu fyrir menningarlegt langhlaup komandi dags. Sveitirnar eru þaulreyndar í skemmtilegheitum og lofa því að enginn gangi óhress frá borði. Hitið upp eyrun og elegansinn svo þið gangið giruð inn í Menningarnótt. Herlegheitin fara fram á Vínlyl Bistro á Hverfisgötu og er frítt inn.

Grín á Vinstúkunni Tíu sopum



Vinstúkan Tíu sopar í samstarfi við **The Secret Cellar** standa fyrir uppistandi í portinu fyrir aftan Laugaveg 27 milli klukkan 17-19 á morgun. Hinn eini sanni **York Underwood** er kynnrir viðburðarins og fram koma bæði vel þekktir og minna þekktir grínarar. Hljóðneminn verður líka opinn fyrir grínista sem vilja spreya sig. Skráning á vinstukan@gmail.com. Á milli atriða og allt í kring stendur **DJ Sigrún Skafta** við mixerinn og leikur létt lög af plötum.

21 árs, heimilislaus í yfirgefnu húsi

Hljómsveitin **Above The Lights** var að senda frá sér sína fyrstu EP-plötu og ber hún sama nafn og hljómsveitin. Löggin eru mjög persónuleg og má segja að platan í heild sé einhvers konar ferðalag úr myrkri yfir í ljósið.

Hljómsveitina skipa þrjú einstaklingar, Eypór Bjarni Sigurðsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Kristófer Nökkvi Sigurðsson, og platan var unnin í samstarfi við Stefán Örn Gunnlaugsson í stúdíó Bambus. „Við vorum með vissan hljóm sem við vildum ná fram og Stefán náði að fanga þann hljóm fullkomlega. Við gætum ekki verið sáttari við

útkomuna, hún er á sama tíma bæði dimm og hugljúf. Viðfangsefnið eru þung eins og til dæmis í laginu By The Tower þar sem ég fjalla um upplifun mína af því að vera 21 árs, heimilislaus í yfirgefnu húsi rétt fyrir neðan Hallgrímskirkju. Ég held að hafi aldrei verið eins einmana á ævinni,“ segir Eypór.

Stór hluti lífs hans helgaður því að hjálpa öðrum

Eypór, annar söngvari hljómsveitarinnar, hefur verið edrú til margra ára og segir hugleiðslu og andlega iðkun hafi bjargað lífi sínu. Stór hluti lífs hans sé helgaður því að hjálpa öðrum. Þó að platan sé persónulegt uppgjör við fortíðina og fjalli um erfið viðfangsefni sé hún á sama tíma full af fegurð og von. „Það sem einkennir einna helst þessa fyrstu plötu Above The Lights eru fallegar melódíur en drungalegur undirtónn. Með útgáfu þessarar plötu líður mér



Platan Above The Lights með samnefndri hljómsveit er persónuleg og á sama tíma bæði dimm og hugljúf.

eins og vissum kafla í lífi mínu sé lokið og ég geti farið að einbeita mér að öðrum lögum,“ segir Eypór.

„Þetta er ekki tónlist sem maður ætti að spila í partíum, barnaafmælum eða hressum veislum, heldur meira svona einn með sjálfum sér þegar maður vill láta hugann reika,“ bætir Kolbrún við brosand og mælir með því að fólk gefi sér tíma til að hlusta á þessa fyrstu EP-plötu Above The Lights. **Hægt er að hlusta á plötuna á öllum helstu streymisveitum og auðvitað á albumm.is.**



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

FUNGYN | VIÐ SVEPPASÝKINGU Í LEGGÖNGUM

- 1 HYLKI TIL INNTÖKU
- EIN MEÐFERÐ
- SKJÓT VIRKNI
- INNIHELDUR FLUCONAZOLUM

Fungyn 150 mg hart hylki. 1 hylki í pakka. Inniheldur flúkónazól.

Ábending: Fungyn tilheyrir flokki lyfja sem kallast sveppalyf. Án ávísunar frá lækni er Fungyn notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum, sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. Einkennin eru meðal

annars kláði og sviði í leggöngum og á ytri kynfærum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is





Menning

DÆGURMÁL

Helgarplönnin

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Fer Reykjavíkumaraþon í Berlín

Kolbrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri LÍFS styrktarfélags verður í Þýskalandi um helgina að fagna 40 árum mágs síns. „Svo ætla ég líka að hlaupa 10 km í Reykjavíkumaraþoninu þótt það verði aðeins öðruvísi þetta árið þar sem ég mun hlaupa ein í Berlín. Planið er samt að að skemmta mér vel þótt stemningin verði örugglega örlítið lágstemmdari í mínu hlaupi en hjá öllum meisturinum sem hlaupa saman í borginni. Það var bara ekki hægt annað en að hlaupa og safna áheitum fyrir LÍF, styrktarfélag kvenna-deildarinnar, og þetta var lausnin. Okkur vantar nefnilega nýjar vöggur.“



Nýtur helgarinnar með dætrum

Bergþór Smári er í stuttu spilafrí þessa dagana milli tónleikaferðalaga og stúdíóvinnu en hann var að gefa út lagið, Brostu. „Ég ætla því að njóta þess að vera með dætrum mínum á Menningarnótt en ekki að spila út um allt eins og venjulega. Laugardagsmorgunninn byrjar á 10 km hlaupi í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar Neistanum, félagi hjartveikra barna. Í framhaldinu röltum við um bæinn og hittum ömmur og afa í kaffi. Á sunnudaginn höldum við svo upp á afmæli dóttur minnar með pomp og prakt.“



„Fer allt eftir stemningunni hjá leiðtoga lífs míns“

Björk Eidsdóttir blaðakona segist enn eitt árið ekki taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu. „Í stað þess að vera með svipuna á mér yfir því hef ég ákveðið að fæðma þá staðreynd að ég hafi engan áhuga á hlaupum og hvetja frekar þá sem það hafa. Ég gerði þetta í fyrra og komst hreinlega við yfir stemningunni við lokamarkið. Mig langar að líkja á nokkra viðburði í bænum en það fer allt eftir stemningunni hjá leiðtoga lífs míns þessi misserin, þriggja mánaða syni mínum. Ef veður leyfir erum við hjónaleysin svo að spá í að grilla heima í Skerjafirðinum og fæða þá vini okkar sem þurfa skjól frá mannmergðinni eða smá yl í kroppinn. Þið vitið það þá, vinir, það verður eitthvað gott á grillinu ef hann hangir þurr í meira en korter.“



„Afhverju erum við að standa í þessu hljómsveitarbrölti?“

Guðmundur Jónsson, tónlistarmaður og tækniteknari, var að senda frá sér nýja plötu ásamt félagamönnum sínum og nafna Guðmundi Gunnlaugssyni. Platan heitir Punch, er í rokkuðum blússtíl og flest lög frumsamin eftir þá félagamönnum.

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Dúettinn heitir GG blús af því að við berum báðir nafnið Guðmundur og grunnstefið í tónlistinni okkar kemur frá blúsnum. Félagi minn Gunnlaugsson spilar á trommur og ég á gítar og svo syngjum við báðir,“ segir Guðmundur sem var í hljómsveitinni Sálinni hans Jóns míns um árabíl. Nafni hans gerði garðinn frægan í bitlabandinu Sixties og blúsbandinu Kentár, ekta blúsari inn að beini. „Við erum búnir að þekkjast lengi og höfum spilað oft saman í gegnum tíðina, en þetta samstarf hófst 2017, stuttu eftir að ég flutti út á Álftanes þar sem Gummi hefur verið búsettur frá barnæsku. Í einhverju bríarí og leiðindum ákváðum við að hittast einn daginn í æfingahúsnæðinu hans og fremja einhvern hávaða. Planið var alltaf að fá einhverja aðra með til liðs en fáir eru eins æfingaglaðir og við, þannig að við létum þetta bara virka tveir með þartilgerða gítarfetla og hugvitsemi í útsetningum. Við æfðum slatta af sígrænum ábreiðum af meiddi blús-rokksins, tónlistarstefnu sem hugnast okkur báðum og búið er að gera ansi góð skil í gegnum tíðina en fyrir okkur var ferskt að arka þessa margtroðu slóð svona fámennir. Það lá auðvitað beinast við að nefna dúettinn GG blús og síðan voru knæpur Reykjavíkur og nágrennis heimsóttar og flutningurinn og þel slípað. Hápunktinum var síðan náð er við spiluðum á Blúshátíð Reykjavíkur við góðan orðstír fyrr á þessu ári.“

„Hvað viljum við fá út úr lífinu?“

Félagarnir í GG blús hafa síðasta hálfu árið unnið að sinni fyrstu plötu. Hún inniheldur sjö frumsamin lög og þrjár ábreiður. Hún skartar þremur góðum gestum, þeim Sigurði Sigurðssyni á munnhörpu, Jens Hanssyni á saxófónn og pönk-blús-goðsögninni Mike Pollock, sem syngur og semur einn ópus með þeim. „Á plötuinni tekst frásaskotin gítarvinna á við óham-

inn trommusláttinn og grípandi sönglínur fljóta yfir með tregafullum enskum textum, ásamt hljóðbrotum og þankagangi úr ýmsum áttum. Við erum trúir blúshéðinni en samt móttækilegir nútímanum,“ segir Guðmundur en textarnir eru allir á ensku þar sem þeir voru með áferðina á verkinu í huga. „Á plötuinni eru þrjár ábreiður á ensku og okkur fannst stílbrot að hafa innan um þau lög sungin á íslensku. Textarnir eru viljandi hafðir ansi tregafullir, enda heitir bandið GG blús, þó að stundum komi uppbyggilegur tónn af og til.“

Platan ber heitið Punch, eftir samnefndu lokalagi plötunnar. „Textinn hugnast okkur ágætlega sem lokahnykkur því hann endar á línunum „Your baby’s smile, your songs and rhymes are the real things you leave behind“, sem eru hugrenningar sem við höfum oft verið að gantast með er við höfum spurt okkur í augnabliks vonleysi, af hverju erum við að standa í þessu hljómsveitarbrölti - hvað er það sem við viljum fá út úr lífinu og komum til með að skilja eftir.“

fjölskyldumaður, á yndislega konu og fjóra stráka. Svo hef ég unnið heiðarlega vinnu undanfarin ár sem tækniteknari hjá arkitektastofunni Arkís, aldeilis frábæru fyrirtæki og síðan þegar færi gefst þá stelst ég frá og þjóna tónlistargögnunni. Ég vann í sumar við að teikna og taka upp og hljóðblanda GG blús plötuna, en seinnipartinn í júní fór um við fjölskyldan í fri til Frakklands og London sem var æðislegt - stund milli stríða,“ segir Guðmundur. Platan er nú þegar komin út á Spotify og síðan er hægt að niðurhala hana frá Bandcamp gegn vægu verði. „Svo er von á geisladisknum á næstu dögum sem fer snarlega í þessar fáu verslanir sem enn selja tónlist í handfjatlandi umbúðum. Útgáfutónleikar verða síðan á Hard Rock Café, Lækjargötu, föstudagskvöldið 30. ágúst næstkomandi.“

Hvað annað er fram undan? „Fyrir utan að fleyta þessari plötu áfram niður strauminn og spila í kjölfarið helling af tónleikum, þá er svo sem ekkert fast í hendi, nema auðvitað óvissan og kvíðinn. En ég verð fljótur að leggja eyru við eitthvað skemmtilegt ef ég þekki mig rétt - það er engin leið að hætta eins og frægur poppari orðaði það svo réttlæga hér um árið.“

„Engin leið að hætta“

Aðspurður um önnur verkefni segist Guðmundur oftast vera á útöppu, með milljón járn í eldinum og þannig vilji hann hafa það. „En fyrst og fremst er ég



Nafnarnir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Gunnlaugsson skípa dúettinn GG blús. Mynd / Jón Önfjörð Arnarsson.

Meningarnótt

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

„Viljum sýna brauðtertunni þann heiður sem hún á skilinn“

Miðbærinn mun íða af lífi um helgina á Menningarnótt Reykjavíkur og viðburðirnir vægast sagt fjölbreyttir. Einn þeirra er brauðtertukeppni og við spurðum Erlu Hlynisdóttur, annan forsprakka Facebook-hópsins Brauðtertufélag Erlu og Erlu, út í þennan einstaka viðburð.

■ „Brauðtertarn er veigamikill þáttur í íslenskrí matarmenningu. Flest höfum við smakkað brauðtertur í fjölskylduveislum eða á tímamótum þegar fólk vill gera vel við sig og aðra. Ekki fyrir löngu mætti segja að brauðtertarnar hafi meira eða minna horfið af veisluborðunum en ljóst er að þær eru farnar að njóta sín á ný. Við viljum sýna brauðtertunni þann heiður sem hún á skilinn og boðum því til brauðtertusamkeppni í Listasafni Reykjavíkur á Menningarnótt,“ segir Erla.

Skipuleggjendur keppinnar eru hönnuðir Tanja Huld Levý og Valdis Steinarsdóttir í samstarfi við Erlu Hlynisdóttur og Erlu Gísladóttur, forsprakka Facebook-hópsins Brauðtertufélag Erlu og Erlu, sem áhugasamir hafa fjölmennt í frá stofnun.

Keppt er í þremur flokkum: Fallegasta brauðtertarn, frumlegasta brauðtertarn og bragðbesta brauðtertarn. Dómarar eru ekki af verri endanum. Margrét D. Sigfúsdóttir, skólameistari Hússtjórnarskólans í Reykjavík, Siggí Hall, matgæðingur með meiru, og Erlu Hlynisdóttir úr áður nefndu brauðtertufélagi.

„Vinningar eru margvíslegir. Meiður trésmíðja gefur framreiðslubretti fyrir brauðtertarn en fyrirtækið var valið handverksmaður ársins á Handverkshátíðinni á Hrafnagili í ágústbyrjun. Pro Gastro gefur skreytingasett, japanskan brauðhúf og grænmetisnifna. Tómatparadísinn Friðheimar í Reykholti gefur glæsilega vinninga. Ásbjörn Ólafsson ehf. gefur stálbakka fyrir brauðtertarn. Þá verða líka

brauðtertuhandklæði sem Tanja Levý hannaði,“ segir Erla.

„Húsið opnar klukkan 14 og fyrsta klukkutímann geta gestir og gangandi komið og skoðað dýrðina. Eftir að dómarar hafa gert upp hug sinn og tilkynnt um sigurvegara býðst gestum að smakka allar brauðtertarnar. Við höfum hvatt þátttakendur til að nefna brauðtertarnar sínar, til að gera þetta enn skemmtilegra. Öllum er heimil þátttaka en við höfum ekki rými fyrir fleiri en þrjátíu brauðtertarn. Þegar hafa um tutugu staðfest þátttöku en áhugasamir eru hvattir til að senda póst á brauðtertarnir@gmail.com og athuga hvort enn er pláss. Við viljum endilega að sem flestir séu með.“

Erlu Hlynisdóttir, annar forsprakki Facebook-hópsins Brauðtertufélag Erlu og Erlu.



Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!



„Uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is



FAMA Manacor

Mikið úrval af fallegum

og vönduðum húsgögnum

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Sumarhúsgögn



Basel hornsófi verð 343.900 kr.



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Tórínó hornsófi verð 333.900 kr.

PÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR



Havana tungusófi verð 570.000 kr.



Fontana verð 1.350.000 kr.
Rafstillanlegur, margir litir í boði.



Roma hornsófi verð 265.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI

Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN



Hádegistilboð 12"

12" pizza með 3 áleggjum og coke í dós Gildir til kl 14:00.

12" pizza with 3 toppings and a can of coke.

1.990 kr.

Velkomin! Fjölbreytt úrval af pizzum og meðlæti.



Castello - Pizzeria | Dalvegi 2, 201 Kópavogur | Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður | Sími 577 3333

castello.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF | ÚTGÁFUFLAG | SÍBUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK | S: 515 5500 | 30. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGURINN 23. ÁGÚST 2019 mannlíf.is Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Sólveigu Jónsdóttur

Gamla konan í hettupeysunni

■ Í gær átti ég afmæli. Varð 37 ára sem mér þykir nokkuð vel af sér vikið. Hins vegar finn ég mig í dálitilli tilvistarkreppu þegar kemur að aldri mínum. Gerir sú staðreynd að mér finnst ungt fólk ganga í ljótum buxum og hlusta á leiðinlega tónlist mig að miðaldra herfu? Eða er ég enn þá með þetta, 37 ára gömul konan?

Að fara á djammið og vera kalt á lærunum með uppþembu af ódýru hvítvíni er jafnórafjarri löngun minni og ristilspeglun. Föstudagsmorgnarnar þykja mér til dæmis töluvert meira spennandi nú til dags heldur en föstudagskvöld. Þá morgna bið ég æsispennt eftir vikulega uppáhaldsútarþættinum mínum á Rás 1 sem byrjar rétt rúmlega níu. En þá eru yfirleitt þrjár klukkutímar síðan ég fór á fætur.

Ég fer reglulega í um tveggja klukkustunda mæðraorlof og fer þá einsómul í sund í hverfislauginni mér til heilsubótar og andlegrar upplyfingar. Sit í funheitu gufubaðinu sem eftir vel heppnaða yfirhalingu lyktar ekki lengur eins og blautur labrador-hundur. Það þykir mér ánægjulegt. Ég fer í kalda pottinn líka þar til ég blána eins og Fridtjof Nansen. Það gerir mér gott. Ég er ekki enn þá farin að gera Mullers-æfingar á bakkanum en það stýttist í það.


Það er (vísindalega) sannað að fólk hættir að uppgötva nýja tónlist eftir þrítugt. Þar er ég engin undantekning og þar sem ég stíg á bak settlega konuhjólínu mínu eftir sundferðina, set ég play-lista æsku minnar í eyrun og hjóla heim. Set upp hettuna á peysunni minni enda farið að kula. Ég kem við í sjoppu og kaupi mér bland í poka og appelsínusafa. Rekst á veggjakrot með málfarsvillu í sem ég leiðrétti snarlega með merkitússi.

Ég læsi konuhjólínu mínu niðri í hjólageymslu í þann mund sem meðlimir Rage Against the Machine bjóða mér ítrekað að fara í rassgat, þeir muni ekki fara eftir tilmælum mínum. Ég fer upp í íbúina mína, kyssi eiginmann og börn. Ég er enn þá með þetta.



nettó

Á NETINU



NETTÓ Á NETINU
- ÓDÝRT OG ÞÆGILEGT -



66north.is